

MANNRÉTTINDADÓMSTÓLL

EVROPU 2013

Dómareifanir

2. hefti 2013 (júlí–desember)

Mannréttindastofnun Háskóla Íslands

Ritstjóri: Björg Thorarensen
Ritnefnd: Ásgerður Ragnarsdóttir
Hrafn Bragason

Mannréttindadómstóll Evrópu
Dómareifanir
2. hefti 2013 (júlí – desember)

© Mannréttindastofnun Háskóla Íslands
ISSN 1670-6145



Prentun: Oddi umhverfissvottuð prentsmiðja

Útgáfan er styrkt af innanríkisráðuneytinu

Frá ritstjóra

Dómar frá Mannréttindadómstóli Evrópu sem reifaðir eru í þessu hefti varpa ljósi á hvernig inntak ákvæða Mannréttindasáttmála Evrópu hefur þróast og nær stöðugt til nýrra sviða. Í þessu sambandi má nefna dóm í máli *Vinter o.fl. gegn Bretlandi* frá 9. júlí 2013. Niðurstaða dómstólsins var að lífstíðarfangelsi sem kærendur voru dæmdir í hjá breskum dómstólum fyrir alvarlega glæpi, án þess að eiga möguleika á reynslulausn, fæli í sér ómannlega og vanvirðandi meðferð sem bryti gegn 3. gr. sáttmálans. Dómurinn byggðist m.a. á því að lagaákvæði um möguleika manna í lífstíðarfangelsi til að fá reynslulausn væru ekki nægileg skýr.

Annar dómur, í máli *Sölyer gegn Tyrklandi* frá 17. september 2010, lýsir vel áhrifum 3. gr. 1. viðauka um réttinn til frjálsra kosninga. Dómstóllinn taldi að tyrknesk löggjöf sem mælti fyrir um sviptingu kosningarréttar þar til aflánun fangelsisdóms væri lokið tæki ekki nægilegt tillit til einstaklingsbundinna aðstæðna þar sem m.a. bæri að líta til alvarleika brots og gæta þannig meðalhófs. Þetta mál er í röð dóma sem Mannréttindadómstóllinn hefur kveðið upp á undanförunum árum gegn Bretlandi, Austurríki og Ítalíu og fjalla um áhrif sviptingar á kosningarrétti samhliða refsisdómum. Stefnumarkandi í þessum efnum var dómur Mannréttindadómstólsins í máli *Hirst gegn Bretlandi* frá 2005. Samkvæmt honum var sú tilhögun að svipta refsifanga kosningarrétti meðan á aflánun stæði brot á skyldum Bretlands til að tryggja mönnum þau réttindi sem leidd verða af 3. gr. 1. viðauka. Dómurinn hefur dregið dilk á eftir sér þar sem breska þingið hafnaði því að bregðast við niðurstöðunni með lagabreytingum og bíður nú fjöldi kæra gegn Bretlandi um sama efni úrlausnar dómstólsins. Í þessu tilliti hefur skapast togstreita á milli dómstólsins og aðildarríkis að sáttmálanum vegna umdeildrar túlkunar hans á ákvæðum sáttmálans sem ekki sér fyrir endann á.

Nokkrir dómar í málum gegn Norðurlöndum sem hér eru reifaðir fela í sér athyglisverð nýmæli um skýringu á ákvæðum sáttmálans sem geta haft þýðingu fyrir réttarástand hér á landi. Í máli *Rousk gegn Svíþjóð* taldi dómstóllinn að við innheimtuaðgerðir stjórnvalda vegna tiltölululegra lágra skattskulda kæranda málsins sem leiddu til nauðungarsölu og útburðar af heimili hans hefði ekki verið gætt meðalhófs. Þannig hefði verið brotið bæði gegn réttindum kæranda samkvæmt 8. gr. um friðhelgi heimilisins og friðhelgi eignarréttar hans samkvæmt 1. gr. 1. viðauka.

Loks má sjá athyglisverða niðurstöðu í máli *Vilnes o.fl. gegn Noregi* um jákvæðar skyldur sem leiddar verða af 8. gr. sáttmálans um friðhelgi einkalífs. Þar kom til úrlausnar dómstólsins hvort norsk stjórnvöld bæru ábyrgð á heilsutjóni kæranda með því að hafa ekki gripið til aðgerða til að tryggja líf þeirra og heilsu er þeir störfuðu við köfun í tengslum við olíufurannsóknir á árunum 1965 til 1990. Dómstóllinn féllst reyndar ekki á að svo væri. Hann benti benti hins vegar á að í ljósi þess hlutverks stjórnvalda að hafa eftirlit með köfunum og öryggismálum í fyrrgreindum störfum kærendanna hefði stjórnvöldum verið rétt að tryggja að þeir

fengju upplýsingar um þá áhættu sem fylgdi starfi þeirra. Með vanrækslu sinni í þessum efnum hefði norska ríkið ekki uppfyllt skyldur sínar til að vernda heilsu kærenda og þar með brotið gegn 8. gr. sáttmálans.

Laganemarnir Aron Freyr Jóhannsson, Ágústa Flosadóttir og Halldór Hrannar Halldórsson unnu reifanirnar sem hér eru birtar, en umsjónarmaður með heftinu var Ásgerður Ragnarsdóttir hdl.

Björg Thorarensen

Efnisyfirlit

2. hefti 2013 (júlí – desember)

2. gr. Réttur til lífs	8
McCaughey o.fl. gegn Bretlandi. Dómur frá 16. júlí 2013	
<i>Valdbeiting á vegum hersins. Tafir á rannsókn mannsláta.</i>	
<i>Raunhæft réttarúrræði</i>	8
3. gr. Bann við pyndingum	10
Vinter o.fl. gegn Bretlandi. Dómur frá 9. júlí 2013	
<i>Lífstíðarfangelsi. Möguleiki á reynslulausn</i>	10
Mikalauskas gegn Möltu. Dómur frá 23. júlí 2013 (sjá reifun undir 5. gr.)	
K.A.B. gegn Svíþjóð. Dómur frá 5. september 2013	
<i>Hælisleitendur. Brottvísun. Hætta á ofsóknum</i>	11
I gegn Svíþjóð. Dómur frá 5. september 2013	
<i>Hælisleitendur. Brottvísun. Hætta á ofsóknum</i>	13
5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi	15
Suso Musa gegn Möltu. Dómur frá 23. júlí 2013	
<i>Hælisleitendur. Varðhald. Lagaheimild fyrir frelsissviptingu.</i>	
<i>Réttur til skaðabóta</i>	15
Mikalauskas gegn Möltu. Dómur frá 23. júlí 2013	
<i>Gæsluvarðhald. Aðbúnaður. Réttur til að fá ákvörðun</i>	
<i>um frelsissviptingu endurskoðaða. Réttur til að fá lausn gegn tryggingu.</i>	16
H.W. gegn Þýskalandi. Dómur frá 19. september 2013.	
<i>Öryggisgæsla. Endurskoðun á ákvörðun. Lagaheimild fyrir</i>	
<i>frelsissviptingu</i>	17
Velinov gegn Fyrrum júgóslavneska lýðveldinu Makedóníu.	
Dómur frá 19. september 2013	
<i>Sektir. Vararefsing. Lagaheimild fyrir frelsissviptingu</i>	19
Del Rio Prada gegn Spáni. Dómur frá 21. október 2013 (sjá reifun undir 7. gr.)	
6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi	21
Allen gegn Bretlandi. Dómur frá 12. júlí 2013.	
<i>Grundvöllur sakfellingar. Réttur til að teljast saklaus uns sekt er sönnuð.</i>	21
Donohoe gegn Írlandi. Dómur frá 12. desember 2013	
<i>Réttur sakbornings. Aðgangur að gögnum. Áhrif sönnunargagna</i>	22
7. gr. Engin refsing án laga	24
Del Rio Prada gegn Spáni – Yfirdeild. Dómur frá 21. október 2013	
<i>Refsiviðurlög. Áhrif lagabreytinga á viðurlög. Skýrleiki refsheimilda.</i>	
<i>Lagaheimild fyrir frelsissviptingu</i>	24

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu	26
Rousk gegn Svíþjóð. Dómur frá 25. júlí 2013 (sjá reifun undir 1. gr. 1. viðauka)	
Winterstein o.fl. gegn Frakklandi. Dómur frá 17. október 2013	
<i>Friðhelgi heimilis. Lífshættir. Skipulags- og umhverfislöggjöf. Útburður.</i>	26
Vallianatos o.fl. gegn Grikklandi. Dómur frá 7. nóvember 2013	
(sjá reifun undir 14. gr.)	
Söderman gegn Svíþjóð. Dómur frá 12. nóvember 2013	
<i>Börn. Kynferðisleg misnotkun. Refsiheimildir. Jákvæðar skyldur ríkisins.</i>	28
X gegn Lettlandi. Dómur frá 26. nóvember 2013 - Yfirdeild	
<i>Haagsamningur um brottnám barna. Málsmeðferð.</i>	29
Vilnes o.fl. gegn Noregi. Dómur frá 5. desember 2013	
<i>Löggjöf um öryggi við störf. Heilsutjón. Eftirlit með starfsemi.</i>	
<i>Jákvæðar skyldur.</i>	31
Kismoun gegn Frakklandi. Dómur frá 5. desember 2013	
<i>Réttur til að breyta nafni. Jákvæðar skyldur ríkisins.</i>	33
Santilli gegn Ítalíu. Dómur frá 12. desember 2013	
<i>Börn. Umgengnisréttur. Jákvæðar skyldur ríkisins.</i>	34
10. gr. Tjáningarfrelsi	36
Nagla gegn Lettlandi. Dómur frá 16. júlí 2013	
<i>Heimildamenn. Hlutverk blaðamanna. Húsleit.</i>	36
Sampaio e Paiva de Melo gegn Portúgal. Dómur frá 23. júlí 2013	
<i>Meiðyrðamál. Refsing. Opinberar persónur.</i>	37
Stojanović gegn Króatíu. Dómur frá 19. september 2013	
<i>Meiðyrðamál. Ábyrgð á ummælum. Gildisdómar.</i>	39
Delfi AS gegn Eistlandi. Dómur frá 10. október 2013	
<i>Meiðyrðamál. Ábyrgð á athugasemdum á fréttavefsíðu.</i>	40
Ristamáki og Korvola gegn Finnlandi. Dómur frá 29. október 2013	
<i>Meiðyrðamál. Fjölmiðlar. Umræða um samfélagsleg málefni.</i>	42
Błaja News Sp. z o.o. gegn Póllandi. Dómur frá 26. nóvember 2013	
<i>Meiðyrðamál. Fjölmiðlar. Sönnun staðhæfinga um staðreyndir.</i>	
<i>Meðalhóf.</i>	43
Österreichische Vereinigung zur Erhaltung, Stärkung und Schaffung gegn Austurríki. Dómur frá 28. nóvember 2013	
<i>Aðgangur að opinberum upplýsingum. Upplýsingaréttur.</i>	44
Ungváry og Irodalom KFT gegn Ungverjalandi. Dómur frá 3. desember 2013	
<i>Meiðyrðamál. Hlutverk blaðamanna. Gagnrýni á embættismenn</i>	
<i>og stofnanir.</i>	46
11. gr. Félagafrelsi	48
Vona gegn Ungverjalandi. Dómur frá 9. júlí 2013	
<i>Bann við félagastarfsemi. Meðahóf.</i>	48

Efnistírlit

Kudrevičius o.fl. gegn Litháen. Dómur frá 26. nóvember 2013 <i>Mótmælaaðgerðir. Refsing. Meðalhóf.</i>	49
14. gr. Bann við mismunun	51
Vallianatos o.fl. gegn Grikklandi. Dómur frá 7. nóvember 2013. <i>Staða samkynhneigðra. Réttur til að skrá sambúð.</i>	51
1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar	53
Rousk gegn Svíþjóð. Dómur frá 25. júlí 2013 <i>Skattskuldir. Útburður. Friðhelgi heimilis. Meðalhóf.</i>	53
3. gr. 1. viðauka. Réttur til frjálsra kosninga	55
Söyler gegn Tyrklandi. Dómur frá 17. september 2013 <i>Svipting kosningaréttar. Eðli afbrota sem leiða til sviptingar.</i>	55

2. gr. Réttur til lífs

McCaughey o.fl. gegn Bretlandi

Dómur frá 16. júlí 2013

Mál nr. 43098/09 og 58559/09

2. gr. Réttur til lífs

Valdbeiting á vegum hersins. Tafir á rannsókn mannláta. Raunhæft réttarúr-ræði.

1. Málsatvik

Málið fjallaði um tvær kærur sem vörðuðu báðar dauða ættingja kæranda af völdum löggæslufyrvalda í Norður-Írlandi. Kærendur í fyrra málinu eru írsku ríkisborgararnir Brigid McCaughey, Pat Grew og Letitia Quinn. Martin McCaughey, sonur Brigid McCaughey, og Desmond Grew, sonur Pat Grew og faðir Letitia Quinn, létust báðir í skotárás í október 2009 þegar sérsveit breska hersins gerði atlögu að þeim. Kærendur héldu því fram að sérsveitin hefði gengið lengra í valdbeitingu sinni en nauðsynlegt hefði verið og að ekki hefðu verið gerðar ráðstafanir til þess að draga úr hættu á dauða ættingja þeirra. Kærendur héldu því jafnframt fram að sú rannsókn á dauða mannanna, sem fór fram á vegum breska hersins, hefði ekki verið framkvæmd af óháðum aðila og verði óskilvirk. Því var ennfremur haldið fram að þau hefðu ekki haft raunhæf úrræði til að leita réttar síns vegna þessa.

Kærendur í seinna málinu eru írsku ríkisborgararnir, Collette Hemsworth og Michael Hemsworth. John Hemsworth, eiginmaður Collette Hemsworth og sonur Michael Hemsworth, lést af völdum áverka sem hann hlaut í aðgerðum lögreglu í Belfast í júlí 1997. Kærendur héldu því fram að áverkar hans stöfuðu af barsmíðum lögreglumanna sem voru að elta grunaða menn nálægt heimili hans. Í maí 2011 komst rannsóknarkviðdómur að þeirri niðurstöðu að líkur væru á því að áverkar sem John Hemsworth varð fyrir af völdum lögreglu hefðu leitt til dauða hans. Ákæra var ekki gefin út á hendur lögreglumönnum og enginn var sóttur til saka.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur í báðum málunum töldu að brotið hefði verið gegn 2. gr., einni og sér og jafnframt með hliðsjón af 13. gr. sáttmálans. Einkum var byggt á því að John Hemsworth hefði látist vegna aðgerða lögreglu, að rannsóknir vegna beggja atvika hefðu verið ófullnægjandi og dregist úr hófi.

Niðurstaða

Dómstóllinn taldi stærstan hluta kæruefna ekki tækan til efnismeðferðar þar sem meðferð málanna væri ekki lokið hjá stjórnvöldum og/eða þar sem innlend réttarúrræði hefðu ekki verið tæmd. Hins vegar var talið að kvörtun vegna þess hve

2. gr. Réttur til lífs

langan tíma rannsókn hefði tekið væri tæk til efnismeðferðar, en rannsókn í máli McCaughey hafði tekið 23 ár og rannsókn í máli Hemsworth 13 ár.

Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að hin langa málsmeðferð og tafir á rannsókn málanna fælu í sér brot gegn þeirri rannsóknarskyldu sem fælist í 2. gr. sáttmálans. Tekið var fram að rannsóknir vegna aðgerða og ofbeldis af hálfu löggæslufirvalda á Norður-Írlandi hefðu lengi einkennst af löngum málsmeðferðartíma og að þetta væru víðfeðmt og alvarlegt vandamál. Vísað var til þess að samkvæmt 46. gr. sáttmálans bæri að grípa til viðeigandi ráðstafana til að tryggja að kröfur 2. gr. sáttmálans til málsmeðferðar væru virtar í þessum málum sem og öðrum sambærilegum málum.

Breska ríkinu var gert að greiða Collette og Michael Hemsworth 20.000 evrur í miskabætur og 11.000 evrur í málskostnað. Þá var breska ríkinu gert að greiða Brigid McCaughey, Pat Grew og Letitia Quinn 14.000 evrur í málskostnað.

3. gr. Bann við pyndingum

Vinter o.fl. gegn Bretlandi

Dómur frá 9. júlí 2013 - Yfirdeild

Mál nr. 66069/09, 130/10 og 3896/10

3. gr. Bann við pyndingum

Lífstíðarfangelsi. Möguleiki á reynslulausn.

1. Málsatvik

Kærendur eru Douglas Gary Vinter (f. 1969), Jeremy Neville Bamber (f. 1961) og Peter Howard Moore (f. 1946). Þeir eru breskir ríkisborgarar sem afplána lífstíðardóma í þarlandum fangelsum fyrir manndráp. Vinter var sakfelldur fyrir að hafa myrt eiginkonu sinni í febrúar 2008, en hann hafði áður verið dæmdur fyrir manndráp árið 1996. Bamber var sakfelldur fyrir að hafa myrt kjörforeldra sína, systur og tvö ung börn hennar í ágúst 1985. Moore var sakfelldur fyrir að hafa myrt fjóra menn á tímabilinu september til desember 1995. Kærendur voru allir dæmdir til lífstíðarfangelsisvistar og gátu ekki vænst þess að fá lausn frá afplánun nema með ákvörðun dómsmálaráðherra landsins sem skyldi grundvallast á mannúðarsjónarmiðum.

Fram til ársins 2003, þegar ný refsilöggjöf tók gildi í Bretlandi, var gert ráð fyrir því að þegar maður var dæmdur til lífstíðarfangelsis skyldi ráðherra ákveða þann lágmarkstíma sem viðkomandi skyldi afplána, þar á meðal hvort gera skyldi ráð fyrir lífstíðarfangelsi í reynd. Væri ákveðið að viðkomandi skyldi sæta lífstíðarfangelsi var gert ráð fyrir því að slík ákvörðun sætti endurskoðun stjórnvalda að 25 árum liðnum.

Samkvæmt hinni nýju refsilöggjöf féll það í hluta dómara að ákveða annað hvort lágmarkstíma afplánunar eða að viðkomandi skyldi sæta lífstíðarfangelsi, en ekki var gert ráð því að ákvörðun um lífstíðarfangelsi skyldi sæta sérstakri endurskoðun.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur töldu að ákvörðun um að þeir skyldu sæta lífstíðarfangelsi án möguleika á lausn fæli í sér ómannlega og vanvirðandi meðferð í andstöðu við 3. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að dómar um lífstíðarfangelsi þyrftu að uppfylla ákveðin skilyrði til þess að þeir samræmdust 3. gr. sáttmálans. Þannig þyrfti bæði að vera fyrir hendi möguleiki á lausn úr vistun og möguleiki á endurskoðun ákvörðunar um lífstíðarvistun, en það væri hlutverk aðildarríkjanna að ákvarða tímamark slíkrar endurskoðunar. Tekið var fram að samanburður á löggjöf aðildarríkjanna benti

3. gr. Bann við pyndingum

til þess að víða væri gert ráð fyrir endurskoðun dóma um lífstíðarfangelsi ekki síðar en 25 árum eftir að dómur hefði verið kveðinn upp. Þá væri tekið fram í Rómarsáttmála Alþjóðlega sakamáladómstólsins, sem langflest aðildarríkja ættu aðild að, að lífstíðardómar skyldu endurskoðaðir að 25 árum liðnum og reglulega í kjölfar þess.

Breska ríkið hélt því fram að tilgangur þeirrar refsilöggjafar sem tók gildi 2003 hefði verið að færa ákvörðunarvald í þessum málaflokki frá ráðherra til dómstóla. Því til samræmis hefði áðurgildandi regla um endurskoðun stjórnvalda á lífstíðardómi að 25 árum liðnum verið felld úr gildi. Dómstóllinn benti á að það hefði betur samræmt þessu markmiði löggjafarinnar að afnema ekki fyrirmæli um endurskoðun lífstíðardóma að 25 árum liðnum, heldur mæla fyrir um að slík endurskoðun færi fram hjá dómstólum.

Dómstóllinn taldi jafnframt að lögín væru óskýr hvað varðaði möguleika lífstíðarfanga til þess að öðlast lausn úr fangelsi. Samkvæmt lögunum hafði dómsmálaráðherra heimild til þess að veita föngum reynslulausn, óháð því hvort þeir afplánuðu lífstíðardóma eða ekki. Dómstóllinn taldi þetta fyrirkomulag sem slíkt samræmast ákvæðum 3. gr. sáttmálans. Hins vegar kæmi fram í gildandi reglum um afplánun að slík reynslulausn kæmi aðeins til skoðunar ef fangi væri haldinn banvænum sjúkdómi eða alvarlegri fötlun. Með vísan til þessa óskýrleika og skorts á því að lög gerðu ráð fyrir endurskoðun á ákvörðunum um lífstíðarfangelsi var talið að brotið hefði verið gegn 3. gr. sáttmálans í tilvikum allra kæranda.

Kærandanum, Vinter, voru dæmdar 40.000 evrur í málskostnað, en aðrir kærændur höfðu ekki uppi slíkar kröfur. Fjórir dómáramar skiluðu séráliti.

Mikalauskas gegn Möltu

Dómur frá 23. júlí 2013

Mál nr. 4458/10

Sjá reifun dómsins undir 5. gr.

Gæsluvarðhald. Aðbúnaður. Réttur til að fá ákvörðun um frelsissviptingu endurskoðaða. Réttur til að fá lausn gegn tryggingu.

K.A.B. gegn Svíþjóð

Dómur frá 5. september 2013

Mál nr. 886/11

2. gr. Réttur til lífs

3. gr. Bann við pyndingum

Hælisleitendur. Brottvísun. Hætta á ofsóknum.

1. Málsatvik

Kærandi er sómalskur ríkisborgari, fæddur árið 1960, og að uppruna frá Mogadishu í Sómalíu. Hann kom til Svíþjóðar í apríl 2009 og sótti þar um hæli. Hann kvaðst hafa flúið ofsóknir íslamskra dómstóla og samtaka að nafni al-Shabaab vegna starfa sinna milli 1992 og 2005 fyrir bandarísk hjálpar samtök.

3. gr. Bann við pyndingum

Að undangenginni málsmeðferð sænskra stjórnvalda og dómstóls, þar sem kærandi naut aðstoðar lögmanns og gafst kostur á að koma á framfæri munnlegum og skriflegum athugasemdum, var kæranda synjað um hæli. Var ekki talið að hann hefði sýnt fram á að ótti hans við ofsóknir væri á rökum reistur, en meðal annars var talið að staðhæfingar hans um meintar hótanir væru óljósar og að vafi léki á sannleiksgildi ýmissa staðhæfinga hans. Ákveðið var að brottvísa kæranda og flytja hann til Sómalílands í Sómalíu.

Kæranda var synjað um áfrýjunarleyfi í júlí 2010 og síðari beiðnum hans um dvalarleyfi var endanlega hafnað í júlí 2011. Í janúar 2011 greip Mannréttindadómstóllinn hins vegar til bráðabirgðaráðstafana og beindi því til sænska ríkisins að flytja kæranda ekki til Sómalíu uns annað yrði tilkynnt.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að brottvísun hans til Sómalíu fæli í sér brot gegn 2. og 3. gr. sáttmálans. Hann lagði áherslu á að hann stæði frammi fyrir raunverulegri hættu á að verða sviptur lífi eða sæta alvarlegum líkamsárásum yrði hann fluttur frá Svíþjóð til Sómalíu.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að vegna uppruna kæranda og skorts á sterkum tengslum við héraðið Sómalíland, sem ætlunin var að senda hann til, væri raunveruleg hættu á að hann þyrfti að leita til annarra svæða í Sómalíu, svo sem til Mogadishu þar sem hann átti heimili og þar sem eiginkona hans bjó.

Tekið var fram að fyrir rúmum tveimur árum hefði dómstóllinn komist að þeirri niðurstöðu í máli *Sufi og Elmi gegn Bretlandi*, nr. 8319/07 að í Mogadishu viðgengist slíkt ofbeldi að allir sem dveldu innan borgarinnar stæðu frammi fyrir raunverulegri hættu á meðferð sem bryti gegn 3. gr. sáttmálans. Hins vegar bentu nýjustu upplýsingar til þess að aðstæður í borginni hefðu batnað og ofbeldi minnkað. Bent var á að samtökin al-Shabaab væru ekki lengur við völd í borginni, víglínur og stórskotaliðsárásir væru úr sögunni og að dregið hefði úr mannfalli meðal óbreyttra borgara. Þó væru aðstæður í borginn enn alvarlegar og að mörgu leyti ófyrirsjáanlegar, en í dag ekki þess eðlis að allir sem þar dveldust væru í raunverulegri hættu á að verða sviptir lífi eða sæta illri meðferð.

Við mat á aðstæðum kæranda tók dómstóllinn fram að sænsk stjórnvöld hefðu kannað staðhæfingar hans vandlega og rökstutt niðurstöðu sína ítarlega. Dómstóllinn tók undir það mat að vafi léki á sannleiksgildi ýmissa atriða sem kærandi hefði haldið fram. Undraðist dómstóllinn raunar að al-Shabaab samtökin ógnuðu kæranda fjórum árum eftir að hann hefði hætt störfum á vegum fyrrgreindra hjálparsamtaka. Þá væru staðhæfingar kæranda um störf fyrir hjálparsamtökin óljósar. Tekið var fram að ekki yrði séð að kærandi tilheyrði í reynd ekki hóp sem ætti sérstaka hættu á að verða fyrir barðinu á al-Shabaab samtökunum.

Samkvæmt þessu taldi dómstóllinn að kærandi hefði ekki leitt nægar líkur að

3. gr. Bann við pyndingum

Því að hann stæði frammi fyrir raunverulegri hættu á að verða sviptur lífi eða sæta illri meðferð sneri hann aftur til Sómalíu. Var því ekki talið að brottvísun kæranda myndi fela í sér brot gegn 3. gr. sáttmálans. Tveir dómáramur skilufðu sératkvæði.

I gegn Svíþjóð

Dómur frá 5. september 2013

Mál nr. 61204/09

3. gr. Bann við pyndingum

Hællisleitendur. Brottvísun. Hætta á ofsóknum.

1. Málsatvik

Kærendur, hjónin I og barn þeirra, eru rússneskir ríkisborgarar af tsjetsjenskum uppruna, fædd árin 1965, 1978 og 1999 og búsett í Svíþjóð. Þau komu til Svíþjóðar í desember 2007 og sóttu þar um hæli. Hjónin kváðust hafa sætt pyndingum í Tsjetsjeníu. Þá hefði eiginmaðurinn á árunum 1995 til 2007 tekið ljósmyndir af aftökum rússneskra sambandshermanna á tsjetsjenskum þorpsbúum, auk þess sem hann hefði tengsl við blaðamanninn Önnu Politkovskaju sem var myrt árið 2006. Jafnframt vísufu kærendur til þess að eiginkonan hefði verið numin á brott af rússnesku leyniþjónustunni og hverarðliðar handtekið eiginmanninn. Hefði þeim verið haldið í kjallara og þau sætt pyndingum í því skyni að knýja fram upplýsingar um tsjetsjenska uppreisnarmenn. Eiginmaðurinn bar ýmis ör á líkama sínum, þar á meðal kross á brjósti sér.

Sænsk stjórnvöld synjuðu kærendum um hæli í október 2008. Þau tölfu hvorki ástandið í Tsjetsjeníu né aðstæður Tsjetsjena í Rússlandi réttlæta veitingu hællis. Þá tölfu þau frásögn kæranda vera sundurlausa og að hluta til mótsagnakennda. Í því sambandi var meðal annars bent á að eiginmaðurinn hefði ekki getað sýnt fram á nokkurn afrakstur þess áralanga ljósmyndastarfs sem hann segðist hafa unnið. Sænskir dómstólar staðfestu ákvörðun stjórnvalda um synjun hællis.

Í nóvember 2009 greip Mannréttindadómstóllinn til bráðabirgðaráðstafana og beindi því til sænska ríkisins að flytja kærendur ekki úr landi uns annað yrði tilkynnt.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur hélfu því fram að brottvísun þeirra til Rússlands hefði í för sér raunverulega hættu á meðferð sem bryti gegn banni 3. gr. sáttmálans við pyndingum eða ómannlegri eða vanvirðandi meðferð.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að honum væri vel kunnugt um mannhvörf, gerræðislegt ofbeldi sem ekki sætti refsingu og illa meðferð á fólki innan Tsjetsjeníu. Jafnframt væri dómstólnum kunnugt um að fólk sem hefði snúið aftur til ríkisins

3. gr. Bann við pyndingum

hefði í sumum tilvikum sætt yfirheyrslum, áreiti og jafnvel frelsissviptingu og illri meðferð af hálfu stjórnvalda. Dómstóllinn taldi þó að aðstæður væru almennt ekki svo alvarlegar að það bryti eitt og sér í bága við 3. gr. sáttmálans að senda kærundur til Rússlands.

Hvað varðar aðstæður kærenda tók dómstóllinn fram að sænsk stjórnvöld hefðu ekki dregið í efa að eiginmaðurinn hefði sætt pyndingum, en hins vegar hefði leikið vafi á því hverjir bæru ábyrgð á þeim. Dómstóllinn taldi ekki ástæðu til að gera athugasemd við málsmeðferð sænskra stjórnvalda og að ekkert benti til þess að um gerræðislega ákvörðun hefði verið að ræða.

Dómstóllinn vísaði til þess að vafi léki á trúverðugleika ákveðinna staðhæfinga kærenda, einkum að því er varðar meinta ljósmyndatöku eiginmannsins. Þrátt fyrir beiðni frá dómstólnum hefði kærandinn ekki vísað til nokkurrar ljósmyndar eftir sig sem hefði verið birt eða lagt fram nein gögn sem styddu staðhæfingar hans um þetta atriði. Að mati dómstólsins höfðu ekki verið leiddar líkur að því að kærundur stæðu frammi fyrir raunverulegri hættu á illri meðferð vegna meintrar ljósmyndatöku eignimannsins yrðu þau send til Rússlands. Hins vegar benti dómstóllinn á að sænsk stjórnvöld og dómstólar hefðu ekki lagt sérstakt mat á hættuna sem leiddi af þeirri staðreynd að eiginmaðurinn var með alvarleg og áberandi ör á líkama sínum, þar á meðal kross á brjósti sér. Ef leitað yrði á honum eftir komu til Rússlands sæist strax að hann hefði sætt illri meðferð og mætti sjá að örin væru nokkurra ára gömul, en það benti til þess að hann hefði tekið virkan þátt í síðara Tsjetsjeníustríðinu.

Að þessu virtu komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að ríkar ástæður væru til að ætla að kærundur væru í raunverulegri hættu á illri meðferð yrði þeim vísað til Rússlands. Var því talið að brottvísun þeirra myndi fela í sér brot gegn 3. gr. sáttmálans. Tveir dómáramur skiluðu sératkvæði.

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

Suso Musa gegn Möltu
Dómur frá 23. júlí 2013
Mál nr. 42337/12

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi.

Hælisleitendur. Varðhald. Lagaheimild fyrir frelsissviptingu. Réttur til skaðabóta.

1. Málsatvik

Kærandi er Ibrahim Suso Musa frá Sierra Leone. Hann kom til Möltu með báti í apríl 2011 og var handtekinn við komu til landsins. Hann óskaði eftir hæli og hélt því fram að óheimilt væri að halda honum í gæslu á meðan hælisumsókn væri til meðferðar. Hælisumsókn kæranda var hafnað í apríl 2012 og var hann í haldi yfirvalda fram að brottvísun hans í mars 2013.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að hann hefði sætt ólögðmætri frelsissviptingu í skilningi 5. gr. sáttmálans þar sem óheimilt hefði verið að halda honum í gæslu á meðan hælisumsókn hans væri til meðferðar.

Niðurstaða

Um 1. mgr. 5. gr. Dómstóllinn áréttaði að f. liður 1. mgr. 5. gr. sáttmálans heimilaði að menn væru sviptir frelsi sínu til að koma í veg fyrir að þeir kæmust ólöglega inn í land. Vísað var til þess að í fyrri úrlausnum dómstólsins hefði verið talið að aðildarríkjum væri heimilt að hindra för þeirra sem ekki hefði verið heimiluð inngagna í landið með því að grípa eftir atvikum til frelsissviptingar. Tekið var fram að það að hælisleitandi gæfi sig sjálfviljugur fram við stjórnvöld og óskaði hælisleiddi ekki til þess að óheimilt væri að halda honum í gæslu á grundvelli 1. mgr. 5. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn tók til skoðunar þau rök kæranda að maltnesk lög gerðu ráð fyrir að hælisleitendum sem biðu niðurstöðu hælisumsóknar væri heimilt að dvelja í landinu og því hefði gæsla hans verið ólögðmæt eftir að hann óskaði hælisleiddi. Tekið var fram að maltnesk lög væru að þessu leyti ekki fyllilega skýr og að fleiri en einn túlkunarmöguleiki kæmi til greina. Hins vegar var fallist á að gæsla kæranda hefði átt sér nægilega skýra stoð í landslögum, en talið var skipta grundvallarmáli að honum hefði ekki verið formlega heimiluð innganga í landið á meðan á gæslu hans stóð. Var því talið að frelsissvipting hans hefði fallið undir heimildir f. liðar 1. mgr. 5. gr. sáttmálans til frelsissviptingar. Hins vegar taldi dómstóllinn að ákvörðun um gæslu kæranda hefði yfirbragð geðþóttaákvörðunar þar sem ýmsir ágallar væru á málsmeðferð stjórnvalda, svo sem að ekki hafði farið fram einstaklingsbundið mat

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

á hælisumsókninni. Þá var talið að aðstæður á vistunarstað væru ámælisverðar og að afgreiðsla hælisumsóknar kæranda hefði tekið óeðlilega langan tíma, auk þess sem málsmeðferð vegna brottvísunar eftir að hælisumsókn hafði verið hafnað hefði ekki verið framfylgt af skilvirkni. Með hliðsjón af þessu var talið að um brot gegn 1. mgr. 5. gr. sáttmálans væri að ræða.

Um 4. mgr. 5. gr.: Dómstóllinn taldi að brotið hefði verið gegn 4. mgr. 5. gr. sáttmálans þar sem kærandi hefði ekki átt þess kost að bera lögmati frelsis-sviptingar sinnar undir dómstól með skjótum hætt.

Dómstóllinn skoraði á maltneska ríkið að grípa til ráðstafana til að tryggja að hælisleitendur gætu leitað endurskoðunar á ákvörðun um frelsissviptingu þeirra á meðan afgreiðsla hælisleiðni stæði yfir með skjótum hætti.

Maltneska ríkinu var gert að greiða kæranda 24.000 evrur í miskabætur og 3.000 evrur í málskostnað.

Mikalaukas gegn Möltu

Dómur frá 23. júlí 2013

Mál nr. 4458/10

3. gr. Bann við pyndingum

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

Gæsluvarðhald. Aðbúnaður. Réttur til að fá ákvörðun um frelsissviptingu endurskoðaða. Réttur til að fá lausn gegn tryggingu.

1. Málsatvik

Kærandi, Tomas Mikalaukas, er litháískur ríkisborgari, fæddur árið 1981. Í september 2009 var hann handtekinn á Möltu fyrir vörslu fíkniefna og úrskurðaður í gæsluvarðhald. Kærandi taldi að aðstæður í fangelsi, þar sem hann var vistaður, væru svo slæmar að það jafngildi ómannlegri og vanvirðandi refsingu. Hann taldi einnig að hann hefði ekki notið viðunandi lækniþjónustu í fangelsinu vegna stöðugra höfuðverkja sem hann þjádíst af.

Kæranda var ítrekað gert að sæta frekara gæsluvarðhaldi, en eftir tíu mánuði í varðhaldi var tekið ákvörðun um að veita mætti honum lausn gegn greiðslu hárrar fjárhæðar í tryggingu. Kærandi gat ekki greitt trygginguna og sat því í gæsluvarðhaldi í tólf mánuði til viðbótar. Honum var sleppt úr haldi í júlí 2011 eftir að krafa um tryggingarfjárhæð hafði verið lækkuð. Hann býr á Möltu og er sakamál vegna framangreinds nú rekið þar gegn honum.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að aðbúnaður í fangelsi þar sem hann var vistaður og skortur á lækniþjónustu fælu í sér brot gegn 3. gr. sáttmálans. Þá taldi hann að lengd þess gæsluvarðhalds sem hann sætti og sú fjártrygging, sem sett var sem skilyrði fyrir lausn hans, fælu í sér brot gegn 3. og 4. mgr. 5. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Um 3. gr.: Dómstóllinn tók fram að aðildarríkjum væri skylt að sjá til þess að fangar í gæsluvarðhaldi þyrftu ekki að sæta ómannlegri eða óvirðandi meðferð. Hluti af þessari skyldu væri að sjá föngum fyrir viðeigandi lækniþjónustu. Ekki væri nóg að sýnt væri fram á að gæsluvarðhaldsfangar hafðu aðgang að lækniþjónustu, heldur þyrfti sú þjónusta sem veitt væri að vera fullnægjandi. Í þessu tilviki taldi dómstóllinn ekki ástæðu til að draga í efa lýsingu maltneska ríkisins á heilsufari kæranda og sjúkrasögu hans eftir að hann var hneppur í gæsluvarðhald. Þar kom meðal annars fram að kærandi hefði verið tregur til þess að móttaka þá meðferð sem í boði var og ekki farið eftir ráðum fangelsislækna. Þá taldi dómstóllinn ekki sýnt fram á að aðstæður í því fangelsi þar sem kærandi var vistaður hefðu haft neikvæð áhrif á heilsu hans. Samkvæmt þessu taldi dómstóllinn ekki hafa verið brotið gegn 3. gr. sáttmálans.

Um 5. gr.: Dómstóllinn tók fram að 4. mgr. 5. gr. sáttmálans tryggði einstaklingum rétt til þess að bera lögmæti frelsissviptingar undir dómstól með skjótum hætti. Þar kæmi bæði til skoðunar hvort réttum málsmeðferðarreglum hefði verið fylgt við framkvæmd frelsissviptingar og hvort frelsissviptingin þjónaði lögmætu markmiði. Dómstóllinn taldi maltneska ríkið ekki hafa sýnt fram á að þau úrræði sem kæranda stóðu til boða til að fá endurskoðun á lögmæti gæsluvarðhaldsins hafi verið fullnægjandi. Var því talið að brotið hefði verið brot gegn 4. mgr. 5. gr. sáttmálans.

Að því er varðar 3. mgr. 5. gr. sáttmálans tók dómstóllinn fram að tryggja verði að einstaklingar sem sæta gæsluvarðhaldi geti fengið mál sín tekin fyrir hjá dómstólum innan hæfilegs tíma. Vísað var til þess að slíkt eigi við þegar lausn gegn tryggingu komi til álita og verði ákvörðun um fjárhæð tryggingar að taka tillit til aðstæðna sakbornings. Talið var að synjun á kröfum kæranda um lausn gegn greiðslu tryggingar hefði í upphafi verið byggð á lögmætum grundvelli, en vísað hafði verið til þess að hann gæti haft áhrif á vitni málsins eða reynt að flýja. Hins vegar var kröfum kæranda hafnað með sömu rökum þó að aðstæður hefðu tekið verulegum breytingum og rannsókninni fleygt fram. Þá taldi dómstóllinn að fjárhæð þeirrar tryggingar sem kæranda var gert að greiða hefði ekki tekið sanngjarnt mið af aðstæðum hans. Að sama skapi voru gerðar athugasemdir við tafir á málsmeðferð sem voru til þess fallnar að lengja þann tíma sem kærandi sætti gæsluvarðhaldi. Samkvæmt þessu taldi dómstóllinn að jafnframt hefði verið brotið gegn 3. mgr. 5. gr. sáttmálans.

Maltneska ríkinu var gert að greiða kæranda 4.000 evrur í miskabætur og 1.000 evrur í málskostnað.

H.W. gegn Þýskalandi

Dómur frá 19. september 2013

Mál nr. 17167/11

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

Öryggisgæsla. Endurskoðun á ákvörðun. Lagaheimild fyrir frelsissviptingu.

1. Málsatvik

Kærandi var sakfelldur í nóvember 1997 fyrir ýmis afbrot, þ.á m. nauðgun, og dæmdur til níu ára og sex mánaða fangelsisvistar. Jafnframt var ákveðið að hann skyldi sæta öryggisgæslu, enda taldi dómurinn kæranda þjást af persónuleikaröskun og hafa tilhneigingu til að fremja alvarleg brot þannig að almenningi stafaði hætta af honum. Í nóvember 2009 þegar kærandi hafði aflánað fangelsisrefsinguna og setið í öryggisgæslu í nærri tvö ár tóku dómstólar til skoðunar hvort veita ætti honum lausn. Samkvæmt þýskum lögum átti slík endurskoðun á ákvörðun um öryggisgæslu að hafa farið fram fyrir 24. desember 2009. Þann 20. janúar 2010 ákvað dómstóll að kærandi skyldi sæta öryggisgæslu áfram með vísan til þess að líkur væru á því að hann myndi brjóta af sér að nýju, yrði hann látinn laus. Kærandi skaut málinu til stjórnlagadómstóls sem vísaði því frá þann 16. september 2010.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að brotið hefði verið gegn 1. mgr. 5. gr. sáttmálans þar sem hvorki hefði verið farið eftir lögbundnum tímafrestum við endurskoðun á ákvörðun um öryggisgæslu hans né nýrra geðskýrslna aflað áður en ákvörðun var tekin í málinu.

Niðurstaða

Dómstóllinn vísaði til þess að ekki hefði verið tekin ákvörðun um áframhaldandi öryggisgæslu kæranda fyrir en 27 dögum eftir að lögbundinn tveggja ára frestur til endurskoðunar rann út. Við mat á því hvort áframhaldandi gæsla gæti samræmst sáttmálanum við slíkar aðstæður yrði meðal annars að líta til þess hvort reynt hefði verið að tryggja að tafir yrðu ekki óhóflegar, umfangs málsins og háttsemi kæranda. Dómstóllinn vísaði til þess að kærandi hefði ekki átt nokkurn þátt í töfum á málsmeðferð og mætti fyrst og fremst rekja þær til þess að málsmeðferð hófst of seint hjá stjórnvöldum. Þannig hefðu ýmis mikilvæg skref ekki verið stigin fyrir en eftir að fresturinn rann út, þ.á.m. að skipa kæranda lögmann og veita honum aðgang að gögnum málsins. Þá var bent á skort á fyrirmælum og aðgerðum til að tryggja að ákvörðun um lausn úr öryggisgæslu drægist ekki úr hófi. Með hliðsjón af þessu var talið að gæsla kæranda á tímabilinu 24. desember 2009 til 20. janúar 2010 hefði verið ólögmat.

Dómstóllinn tók jafnframt fram að þegar til endurskoðunar kom hefði meira en tólf og hálf ár verið liðið síðan sú hætta sem stafaði af kæranda hefði verið metin af innlendum dómstólum með aðstoð sérfræðilæknis. Talið var að þörf hefði verið á nýju sérfræðiáliti til að unnt væri að ákvarða hvort enn stafaði hætta af kæranda, en slíks álits hefði ekki verið aflað. Þá hefðu fleiri atriði ekki fengið viðunandi skoðun við ákvarðanatökuna, einkum sú staðreynd að fangelsisfyrirvöld hefðu velt því fyrir sér hvort ný meðferð gæti verið til þess fallin að ná árangri. Bent var á að sérstaklega mikilvægt væri að leita til utanaðkomandi sérfræðinga við mat á slíku. Lögð var áhersla á það gæti strítt gegn markmiðum öryggisgæslu væri

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

ekki tryggt að einstaklingur hefði leiðir til að sýna fram á að hann væri ekki lengur hættulegur. Talið var að án nýs sérfræðialits um þörf áframhaldandi öryggisgæslu kæranda væri ekki sýnt fram á nægjanlegt samband á milli sakfellingar hans árið 1997 og áframhaldandi gæslu, sbr. a-lið 1. mgr. 5. gr. sáttmálans.

Samkvæmt þessu taldi dómstóllinn að brotið hefði verið gegn 1. mgr. 5. gr. sáttmálans.

Kæranda voru dæmdar 5000 evrur í miskabætur.

Velinov gegn Fyrrum júgóslavneska lýðveldinu Makedóníu

Dómur frá 19. september 2013

Mál nr. 16880/08

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

Sektir. Vararefsing. Lagaheimild fyrir frelsissviptingu.

1. Málsatvik

Kærandi, Pančo Velinov, er fæddur árið 1952. Árið 2000 var hann sakfelldur fyrir minniháttar brot og gert að greiða sekt og yrði hún ekki greidd innan fimmtán daga frá dómsuppkvaðningu skyldi hann sæta fangelsisvist sem vararefsingu. Í nóvember 2001 var skorað á kæranda að greiða sektina og honum gert að leggja fram sönnun á greiðslu fyrir dómi. Í febrúar 2002 var sektinni breytt í tveggja daga fangelsi. Sex dögum síðar greiddi kærandi sektina, en lagði ekki fram sönnun á greiðslu. Þann 28. október 2002 var kærandi fangelsaður, en hann var látinn laus degi síðar þegar hann hafði lagt fram sönnun um greiðslu sektarinnar.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að hann hefði sætt ólögðmætri frelsissviptingu 28. október 2002 í andstöðu við 5. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók annars vegar til skoðunar hvort ólögðmætt hefði verið að hneppa kæranda í fangelsi eftir að hann hafði greitt sektina og hins vegar hvort sú staðreynd að kærandi tilkynnti ekki viðeigandi dómstól um greiðslu sektarinnar réttlætti fangelsisvistun hans.

Hvað fyrri atriðið varðar vísaði dómstóllinn til þess að ekki voru í gildi reglur í landsrétti um málsmeðferð ef sekt, sem breytt hafði verið í fangelsisrefsingu, var síðar greidd að fullu. Hins vegar gerðu reglur um hlutagreiðslu sektar ráð fyrir að ógreiddum hluta sektar skyldi breytt í fangelsisrefsingu, en sú refsing félli niður væri sektin síðar greidd. Dómstóllinn taldi enga ástæðu til annars en að byggja hefði mátt á þessari reglu í máli kæranda. Með hliðsjón af þessu var talið að grundvöllur fangelsisvistunar kæranda hefði liðið undir lok um leið og hann innti greiðslu sektarinnar af hendi.

Hvað síðara atriðið varðar vísaði dómstóllinn til þess að kærandi hefði ekki

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

tilkynnt réttinum um greiðsluna þrátt fyrir fyrirmæli þar um. Hins vegar lá fyrir að ekki var í gildi lagaákvæði sem skyldaði kæranda til að koma slíkri tilkynningu á framfæri. Lögð var áhersla á að kærandi hefði verið handtekinn og vistaður í fangelsi meira en átta mánuðum eftir að sektin var greidd. Talið var að það félli í hlut ríkisins að hafa til staðar skilvirkt kerfi til að skrá sektargreiðslur, enda hefði það þýðingu fyrir frelsi manna. Þannig taldi dómstóllinn að réttur kæranda til frelsis krefðist þess að ríkið gripi til viðeigandi aðgerða til að skerða ekki frelsi hans að ófyrirsynju, þ.e. að um jákvæða athafnaskyldu ríkisins væri að ræða. Samkvæmt þessu var ekki talið að sú staðreynd að kærandi lét undir höfuð leggjast að tilkynna dómstól um greiðsluna hefði úrslitaþýðingu.

Að þessu virtu taldi dómstóllinn að brotið hefði verið gegn 1. mgr. 5. gr. sáttmálans.

Kæranda voru dæmdar 1500 evrur í miskabætur auk 1260 evra í málskostnað.

Del Rio Prada gegn Spáni - Yfirdeild

Dómur frá 21. október 2013

Mál nr. 42750/09

Sjá reifun dómsins undir 7. gr.

Refsivíðurlög. Áhrif lagabreytinga á viðurlög. Skýrleiki refsheimilda. Lagaheimild fyrir frelsissviptingu.

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Allen gegn Bretlandi

Dómur frá 12. júlí 2013 - Yfirdeild

Mál nr. 25424/09

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Grundvöllur sakfellingar. Réttur til að teljast saklaus uns sekt er sönnuð.

1. Málsatvik

Kærandi, Lorraine Allen, er breskur ríkisborgari, fædd árið 1969. Þann 7. september árið 2000 var hún dæmd til þriggja ára fangelsisvistar fyrir að hafa orðið fjögurra mánaða gömlum syni sínum að bana. Sakfelling hennar var m.a. byggð á vitnisburði sérfræðinga sem báru fyrir dómi að þeir áverkar sem fundust á syni hennar samræmdust lýsingu á svokölluðu „shaken baby syndrome“ og að ætla mætti að harkalegur hristingur hefði valdið dauða hans. Kærandi áfrýjaði dóminum og lagði fram ný gögn, sem bentu til þess að umræddir áverkar gætu átt sér aðrar skýringar. Með dómi áfrýjunardómstóls 21. júlí 2005 var sakfelling kæranda felld úr gildi og var vísað til þess að hin nýju gögn kynnu að hafa haft áhrif á niðurstöðu kviðdóms um sekt hennar. Ákærvaldið krafðist ekki endurupptöku málsins þar sem kærandi hafði þá þegar afplánað dóm sinn.

Kærandi krafðist bóta vegna fangelsisvistar sinnar á grundvelli lagaákvæðis sem mælti fyrir um bótarétt þeirra sem hefðu verið ranglega dæmdir til fangelsisvistar. Stjórnvöld féllust ekki á bótakröfu hennar og skaut hún þeirri ákvörðun til dómstóla. Dómstólar höfnuðu jafnframt kröfu kæranda á þeim grundvelli að dómur áfrýjunardómstólsins um að fella sakfellingu hennar úr gildi hefði ekki falið í sér staðfestingu á því að hún hefði verið ranglega dæmd, heldur hafi einfaldlega verið talið að hin nýju gögn sýndu að kviðdómur kynni að hafa sýknað hana hefðu þau legið fyrir við málsmeðferð fyrir dómi.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að ákvörðun dómstóla um að hafna bótakröfu hennar fæli í sér brot gegn 2. mgr. 6. gr. sáttmálans um að hver sá sem borinn sé sökum um refsiverða háttsemi skuli talinn saklaus uns sekt hans er sönnuð að lögum.

Niðurstaða

Dómstóllinn útskýrði í upphafi að 2. mgr. 6. gr. sáttmálans tryggði ekki einstaklingum sérstakan og sjálfstæðan rétt til bóta hafi þeir verið ranglega dæmdir til fangelsisvistar. Tekið var fram að ákvæðinu væri að meginstefnu ætlað að taka til málsmeðferðar fyrir dómstólum. Þó væri ákvæðinu einnig ætlað að veita einstaklingum, sem hefðu ekki verið sakfelldir fyrir refsiverða háttsemi, vernd gegn því að stjórnvöld kæmu fram við þá eins og að þeir hefðu í reynd verið sakfelldir.

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Dómstóllinn tók fram að kærandi hefði ekki verið sýknuð „efnislega“ með fyrrgreindum dómi áfrýjunardómstólsins, enda þótt dómur um að fella úr gildi sakfellingu hennar hefði formleg einkenni sýknudóms. Talið var réttara að líta svo á að dómurinn væri ígildi þess að ákveðið hefði verið að láta sakamálgagn kæranda niður falla. Dómstóllinn tók til skoðunar þau skilyrði sem sett voru í breskum lögum fyrir bótagreiðslum til þeirra sem hefðu verið ranglega dæmdir til fangelsisvistar. Lögð var áhersla á að ekkert þeirra skilyrða gerði ráð fyrir sjálfstæðu mati á sekt þess sem krafðist bóta. Þá var ekki talið að orðalag í dómum breskra dómstóla vegna bótakröfunnar hefði með nokkrum hætti varpað rýrð á sakleysi kæranda, enda hefði ekki verið tekin afstaða til þess hvort líkur væru á því að hún yrði sýknuð eða sakfelld með hliðsjón af hinum nýju gögnum. Þvert á móti hefðu breskir dómstólar ítrekað tekið fram að það væri hlutverk kviðdóms að meta hin nýju gögn hefðu ný réttarhöld farið fram. Með hliðsjón af þessu var talið ljóst að hlutverk áfrýjunardómstólsins hefði eingöngu verið að meta hvort sakfelling kæranda hvíldi á öruggum grundvelli með vísan til hinna nýju gagna, en ekki að ákvarða sekt hennar eða sakleysi.

Dómstóllinn lagði áherslu á að við meðferð dómstóla á bótakröfu kæranda hefði verið byggt á dómi áfrýjunardómstólsins. Hefði ekki verið reynt að komast að sjálfstæðri niðurstöðu um hvort sakfelling kæranda hefði hvílt á traustum grunni. Að sama skapi hefði niðurstaða áfrýjunardómstólsins ekki verið dregin í efa eða mat dómstólsins á sönnunargögnum.

Samkvæmt framangreindu var ekki talið að brotið hefði verið gegn rétti kæranda til að teljast saklaus uns sekt er sönnuð samkvæmt 2. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Einn dómari skilaði séráliti.

Donohoe gegn Írlandi

Dómur frá 12. desember 2013

Mál nr. 19165/08

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi.

Réttur sakbornings. Aðgangur að gögnum. Áhrif sönnunargagna.

1. Málsatvik

Kærandi er írskur ríkisborgari, fæddur árið 1978, og býr í Dublin. Kærandi var ákærður og dæmdur í heimalandi sínu fyrir aðild að írsku lýðveldishernum IRA. Sakfelling hans var meðal annars byggð á framburði yfirmanns lögreglunnar sem bar um að ónafngreindur heimildarmaður hafi veitt upplýsingar um tengsl kæranda við samtökin. Ennfremur tók lögreglumadurinn fram að það væri staðföst trú hans, miðað við þær upplýsingar sem hann hefði undir höndum, að kærandi væri meðlimur í IRA. Þegar yfirmaðurinn var beðinn um að veita upplýsingar um heimildarmann sinn og hvaðan viðkomandi upplýsingar kæmu, neitaði hann og bar því við að það myndi hafa í för með sér mikla hættu fyrir viðkomandi og stefna öryggi ríkisins í hættu. Dómarar í málinu fengu þó að kynna sér þessar upplýsingar, en hvorki ákærandi né verjendur fengu aðgang að gögnumum.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að skortur á því að veita honum aðgang að framangreindum málsögnum fyrir dómi hefði brotið gegn rétti hans til réttlátrar málsmeðferðar samkvæmt 6. gr. sáttmálsans.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að við mat á því hvort kærandi hefði notið réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi yrði að svara þremur grundvallarspurningum, þ.e. hvort nauðsynlegt hafi verið að halda umræddum upplýsingum leyndum, hvort upplýsingarnar hafi verið einu eða helstu sönnunargögnin sem leiddu til sakfellingar kærandar og hvort aðrir þættir hefðu verið til staðar sem tryggðu að réttarhöldin væru í heild sinni réttlát.

Dómstóllinn taldi að röksemdir fyrir því að halda gögnunum leyndum væru sannfærandi, en vísað hafði verið til öryggis ríkisins, öryggis heimildarmanna, sem og baráttunnar gegn alvarlegum brotum. Var því talið að sýnt hefði verið fram á nauðsyn þess að halda viðkomandi upplýsingum leyndum. Þá var talið að sakfelling kærandar hefði ekki verið byggð á umræddum upplýsingum að verulegu leyti, enda hefði ákærvaldið leitt meira en 50 vitni fyrir dóminn og hefði jafnframt verulegt magn skriflegra sönnunargagna verið lagt fram.

Þá tók dómstóllinn til skoðunar hvort til staðar hefðu verið þættir sem komu til móts við þá staðreynd að kærandi fékk ekki aðgang að gögnunum og sem ætlað var að tryggja hagsmuni hans. Vísað var til þess að gripið hefði verið til ýmissa ráðstafana í þessu skyni fyrir dómi. Hefðu dómarrar í málinu kynnt sér rækilega þær upplýsingar sem yfirmaður lögreglunnar byggði skoðun sína á til að meta hvort réttmætt væri að telja kærandar meðlim í IRA á grundvelli þeirra. Þá hafi dómarrarnir lagt sjálfstætt mat á hvert gildi upplýsinganna væri fyrir vörn kærandar og metið vandlega hagsmuni hans af aðgangi gegn þeim almannahagsmunum sem fólust í því að halda gögnunum leyndum. Að lokum hefðu dómarrar gætt þess að sakfelling í málinu væri ekki grundvölluð á framburði yfirmannsins eða á upplýsingum sem kærandi hefði ekki haft aðgang að. Dómstóllinn leit einnig til þess að réttarfarisreglur gerðu ráð fyrir að framburður yfirmannsins væri eingöngu metinn sem skoðun einstaks aðila fremur en sem bein sönnunargögn. Þá hefðu verjendur kærandar haft mörg tækifæri til þess að leggja spurningar fyrir yfirmanninn sem vitni og átt þess kost að hrekja framburð hans og trúverðugleika.

Að teknu tilliti til alls þessa var komist að þeirri niðurstöðu að ekki hafi verið brotið gegn 6. gr. sáttmálsans með því að halda umræddum upplýsingum leyndum.

Einn dómari skilaði séráliti.

7. gr. Engin refsing án laga

Del Rio Prada gegn Spáni - Yfirdeild

Dómur frá 21. október 2013

Mál nr. 42750/09

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

7. gr. Engin refsing án laga

Refsivíðurlög. Áhrif lagabreytinga á viðurlög. Skýrleiki refsheimilda. Lagaheimild fyrir frelsissviptingu.

1. Málsatvik

Kærandi, Inés del Río Prada, er spænskur ríkisborgari fædd árið 1958. Hún afplánar fangelsisrefsingu í héraðinu Galica á Spáni, en á tímabilinu 1988 til 2000 hlaut hún átta dóma vegna hryðjuverkaárása á árunum 1982 til 1987. Samtals var hún dæmd til að sæta fangelsi í meira en 3000 ár.

Samkvæmt spænskum hegningarlögum, sem voru í gildi þegar dómur féll, var gert ráð fyrir því að einstaklingur gæti ekki sætt fangelsi í lengri tíma en 30 ár. Óumdeilt var að þessi regla ætti við í tilviki kæranda. Árið 2000 ákvað spænskur dómstóll að fella saman dóma um fangelsisvist kæranda og var fangelsisvistin ákvörðuð 30 ár. Með hliðsjón af störfum kæranda innan fangelsisins var síðar ákveðið að draga níu ár frá refsitíma hennar og var lagt til að henni yrði sleppt úr haldi 2. júlí 2008.

Árið 1994 hafði Hæstiréttur Spánar komist að þeirri niðurstöðu að 30 ár væru eiginleg hámarksrefsing og bæri að draga hvers konar styttingar á refsitíma frá þeirri tímalengd. Árið 2006 sneri dómstóllinn hins vegar þeirri framkvæmd við og skýrði regluna með þeim hætti að draga bæri hvers konar styttingar á refsitíma frá hverjum og einum dómi sem varðaði sakborning. Að teknu tilliti til þessarar breytingar á dómaframkvæmd var tillögu um lausn kæranda breytt og ákveðið að henni skyldi sleppt úr haldi 27. júní 2017. Áfrýjanir kæranda vegna þessarar ákvörðunar báru ekki árangur.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi byggði á því að ákvörðun Hæstaréttar Spánar um að víkja frá fyrri dómaframkvæmd hefði verið beitt með afturvirkum hætti og að fangelsisvist hennar hefði verið lengd um níu ár. Byggt var á því að með þessu hefði verið brotið gegn 7. gr. sáttmálans, auk þess sem henni hefði verið haldið í gæslu í andstöðu við 1. mgr. 5. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Um 7. gr.: Dómstóllinn tók til skoðunar óskýrleika spænskra laga að því er varðar muninn á dæmdri refsingu og refsingu sem ber að afplána. Tekið var fram

7. gr. Engin refsing án laga

að þrátt fyrir ákveðinn óskýrleika hefði það í tilvikum sem þessu verið staðföst framkvæmd fangelsisyrvalda og dómstóla, fram til fyrrgreinds dóms Hæstaréttar Spánar í febrúar 2006, að draga styttingar á refsitíma frá 30 ára hámarksrefsingu einstaklinga frekar en frá refsitíma samkvæmt einstökum dómum. Með hliðsjón af skýrri dómaframkvæmd var talið að kærandi hefði haft réttmætar væntingar til þess að afplánunartími hennar væri ákveðinn á þessum grundvelli, þ.e. þannig að hvers konar styttingar á refsitíma yrðu dregnar frá 30 ára hámarksrefsingu.

Tekið var fram að óumdeilt væri að draga bæri núu ár frá refsivist kæranda og að ágreiningur væri um með hvaða hætti ætti að haga frádrættinum. Vísað var til þess að beiting þeirrar aðferðar sem leiddi af dómi Hæstaréttar Spánar frá febrúar 2006 gerði í reynd að engu þá styttingu á refsitíma sem kærandi hafði öðlast með vinnu innan fangelsis, enda þyrfti hún þá að sæta fangelsisvist í 30 ár. Vegna þessa hefði ákvörðun um nýjan lausnartíma kæranda haft bein áhrif á þann tíma sem hún skyldi sæta fangelsi og lengt hann frá fyrri ákvörðun. Sérstaklega var tekið fram að þegar dómur féllu í málum kæranda og þegar hámarksrefsitími var ákveðinn hefðu ekki verið nokkur teikn á lofti um þá breytingu á framkvæmd sem fólst í fyrrgreindum dómi Hæstaréttar Spánar. Samkvæmt þessu komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að brotið hefði verið gegn 7. gr. sáttmálans.

Um 5. gr.: Dómstóllinn tók fram að enginn vafi léki á því að frelsissvipting kæranda hefði verið lögmæt fram til 2. júlí 2008, þ.e. fram til þess dags sem upphaflega hafði verið ákveðið að veita henni lausn. Með hliðsjón af röksemdum fyrir framangreindri niðurstöðu dómstólsins um brot gegn 7. gr. sáttmálans var talið að kærandi hefði ekki getað séð fyrir að hinni nýju aðferð, sem leiddi af dómi Hæstaréttar Spánar, yrði beitt við ákvörðun um styttingu á refsivist hennar. Talið var að kærandi hefði í reynd sætt lengri refsivist en heimilt hefði verið að teknu tilliti til þeirra styttinga sem ákveðnar höfðu verið í samræmi við lög. Var því talið að fangelsisvist kæranda frá og með 3. júlí 2008 hafi verið ólögmæt og falið í sér brot gegn 1. mgr. 5. gr. sáttmálans.

Spænska ríkinu var gert að greiða kæranda 30.000 evrur í miskabætur og 1.500 evrur í málskostnað. Átta dómáramur skiluðu séráliti.

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Rousk gegn Svíþjóð

Dómur frá 25. júlí 2013

Mál nr. 27183/04

Sjá reifun dómsins undir 1. gr. 1. viðauka

Skattskuldir. Útburður. Friðhelgi heimilis. Meðalhóf.

Winterstein o.fl. gegn Frakklandi

Dómur frá 17. október 2013

Mál nr. 27013/07

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Friðhelgi heimilis. Lífshættir. Skipulags- og umhverfislöggjöf. Útburður.

1. Málsatvik

Kærendur eru 25 franskir ríkisborgarar sem lögðu fram kæru fyrir sína hönd, ólögráða barna sinna og alþjóðlegu hreyfingarinnar Movement ATD Fourth World. Flestir þeirra eru flakkarar og búa í sveitarfélaginu Herblay í Val d'Oise héraði í Frakklandi. Í sveitarfélaginu búa rúmlega 2000 flakkarar í tjaldvögnum og eru þeir u.þ.b. 10% íbúa. Fyrir liggur að staðsetning um 80% vagnanna brýtur gegn gildandi skipulagi á svæðinu.

Kærendur höfðu búið á sama stað í sveitarfélaginu til margra ára og höfðu sumir þeirra fæðst þar. Landsvæðið, þar sem þau voru búsett, naut sérstakrar verndar samkvæmt skipulagi sökum náttúrufegurðar. Í apríl og maí 2004 höfðu sveitarfélagið mál á hendur 40 einstaklingum, þar með talið kærendum, þar sem krafist var viðurkenningar á því að þeir dveldu með ólögmatum hætti á landsvæðinu og að þeim yrði gert að fjarlægja tjaldvagna og hvers konar byggingar af svæðinu gegn greiðslu dagsekta. Sveitarfélagið krafist þess að málið sætti flýtimeðferð. Með úrskurði í júlí 2004 var hafnað að taka málið til flýtimeðferðar, enda hefðu varnaaðilar dvalið á landsvæðinu í fjölda ára og sýndi langvarandi afskiptaleysi stjórnvalda að brýn þörf gæti ekki talist á flýtimeðferð málsins. Í kjölfarið leitaði sveitarfélagið með kröfur sínar til annars dómstóls og féll þar dómur í nóvember 2004. Fallist var á kröfu sveitarfélagsins og talið að vera varnaaðila á umræddu landsvæði væri í andstöðu við gildandi skipulag. Varnaraðilum var gert að rýma landið innan þriggja mánaða að viðlögðum dagsektum. Áfrýjunardómstóll staðfesti þessa niðurstöðu í október 2005 og vísaði meðal annars til þess að löng dvöl varnaaðila á landsvæðinu og afskiptaleysi yfirvalda skapaði ekki rétt til að dvelja þar til framtíðar. Dómnum hefur ekki enn verið fullnustað af hálfu sveitarfélagsins, en margir kærenda hafa flust á brott vegna ótta við fullnustu dómsins og álagningu dagsekta.

Í kjölfar dómsins réðust stjórnvöld í rannsókn á högum þeirra fjölskyldna sem málsóknin beindist að og möguleikum þeirra á annars konar dvalarstað. Rannsóknin sýndi að flestar fjölskyldur óskuðu eftir að fá að dvelja í tjaldvögnum

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

sínum á svokölluðum „fjölskyldureitum“ sem stjórnvöld hugðust koma á fót. Hins vegar varð ekki af þeim áformum, meðal annars vegna sjónarmiða um jafnræði og aðgengi allra að landi innan sveitarfélagsins. Fjórir kæranda fengu félagslegt húsnæði á vegum sveitarfélagsins. Aðrir eru ýmist fluttir á brott eða búa enn á landinu, en þeir síðarnefndu kunna að sæta útburði hvenær sem er.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandur héldu því fram að ákvörðun um að gera þeim að yfirgefa landsvæði, sem þau höfðu haft búsetu á til fjölda ára, fæli í sér brot gegn friðhelgi einkalífs og fjölskyldulífs samkvæmt 8. gr. sáttmálans, einni sér og jafnframt ásamt 14. gr. sáttmálans sem bannar mismunun.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að kærandur hefðu búið lengi á sama landsvæði innan sveitarfélagsins eða allt frá fimm til þrjátíu árum. Talið var að tengsl þeirra við tjaldvagna og aðrar byggingar, sem þeir hefðu komið fyrir á landsvæðinu, væru það nán að líta yrði á slíkt sem heimili þeirra, óháð lögmæti búsetu þeirra á landsvæðinu. Vísað var til þess að málið varðaði jafnframt einkalíf kæranda, en búseta þeirra í tjaldvögnum væri mikilvægur hluti af sjálfsmynd þeirra sem flakkara. Þá varðaði málið brottrekstur samfélags, sem samanstóð af næstum hundrad einstaklingum, og hefði slíkt ótvíræð áhrif á lífshætti þeirra, sem og félags- og fjölskyldutengsl.

Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að skerðing á réttindum kæranda hefði verið í samræmi við landsrétt og stefnt að því lögmæta markmiði að vernda umhverfið. Við skoðun á því hvort skerðingin samræmist kröfum um meðalhóf lagði dómstóllinn áherslu á tvo þætti. Annars vegar var litið til þess hversu lengi kærandur höfðu búið á landinu átölulaust. Hins vegar var vísað til þess að einu röksemdir sveitarfélagsins fyrir kröfum sínum í fyrrgreindu dómsmáli hefðu verið að búseta varnaraðila bryti gegn skipulagi, en að kærandur hefðu meðal annars byggt á rétti sínum til heimilis og 8. gr. sáttmálans án þess að þær málsástæður hefðu verið teknar til efnislegrar skoðunar.

Dómstóllinn lagði áherslu á að missir á heimili væri alvarlegasta form skerðingar á friðhelgi heimilisins. Talið var að innlendir dómstólar hefðu tekið ákvörðun um útburð kæranda án þess að meta hvort slíkt samræmdist meðalhófsreglunni og án þess að framkvæma raunverulegt hagsmunamat. Dómstóllinn lagði áherslu á að staða flakkara, sem sérlega viðkvæms minnihlutahóps, endurspegladist í þeim fjölda sáttmála og úrræða á vegum Evrópuráðsins sem ætlað sé að vernda þá og tryggja þeim dvalarstað. Lögð var áhersla á að stjórnvöld í aðildarríkinu bæri að líta til þarfa slíkra minnihlutahópa og leita lausna á vandkvæðum sem fylgdi ólögmætri búsetu þeirra.

Dómstóllinn féllst á að í þessu tilviki hefði verið tekið nægilegt tillit til þarfa þeirra fjölskyldna sem fluttust í félagslegt húsnæði og var þannig veitt nýtt húsnæði eftir að ákvörðun um útburð hafði verið tekin. Hins vegar var ekki unnt að segja það

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

sama um þær fjölskyldur sem óskuðu eftir því að dvelja á fyrrgreindum fjölskyldureitum, enda hefði þeim ekki verið veitt slíkt húsnæði og byggju viðkomandi einstaklingar nú við hættulegar og ófullnægjandi aðstæður.

Samkvæmt þessu taldi dómstóllinn að brotið hefði verið gegn 8. gr. sáttmálans í tilvikum allra kæranda þar sem ekki hefði verið kannað nægilega hvort útburður þeirra samræmdest sjónarmiðum um meðalhóf við málsmeðferð fyrir innlendum dómstólum. Jafnframt var talið að brotið hefði verið gegn réttindum þeirra kæranda sem óskuðu eftir búsetu á fjölskyldureitum samkvæmt 8. gr. þar sem ekki hefði verið tekið fullnægjandi tillit til þarfa þeirra. Dómstóllinn taldi ekki tímabært að ákvarða bætur í málinu og tók fram að hugsanlega gætu málsaðilar samið sín á milli.

Vallianatos o.fl. gegn Grikklandi

Dómur frá 7. nóvember 2013 - Yfirdeild

Mál nr. 29381/09 og 32684/09

Sjá reifun dóms undir 14. gr.

Staða samkyhnheigðra. Réttur til að skrá sambúð.

Söderman gegn Svíþjóð

Dómur frá 12. nóvember 2013 - Yfirdeild

Mál nr. 5786/08

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Börn. Kynferðisleg misnotkun. Refsiheimildir. Jákvæðar skyldur ríkisins.

1. Málsatvik

Árið 2002, þegar kærandi var 14 ára gömul, komst hún að því að stjúpfaðir hennar hafði falið myndbandsupptökuvél á baðherbergi fjölskyldunnar. Vélinni var beint þannig að kærandi var í mynd er hún afklæddist áður en hún fór í sturtu. Kærandi fór með vélina til móður sinnar sem brenndi upptökuna án þess að sýna neinum. Atvikið var tilkynnt til lögreglu um tveimur árum síðar. Stjúpfaðirinn var sakfelldur fyrir kynferðislega misnotkun árið 2006 fyrir undirrétti. Þeirri niðurstöðu var snúið við af áfrýjunardómstól þar sem ekki var talið að háttsemi stjúpföðurins félli undir hugtakið kynferðisleg misnotkun. Jafnframt var vísað til þess að ekki væri bannað að taka myndir af einstaklingum án samþykkis þeirra samkvæmt sænskum lögum. Áfrýjunardómstóllinn benti á að háttsemi stjúpföðurins gæti talist vera tilraun til framleiðslu barnakláms, en tók slíkt ekki til nánari skoðunar þar sem ekki var ákært fyrir þá háttsemi. Hæstiréttur synjaði um leyfi til áfrýjunar.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi byggði á því að sænska ríkið hefði ekki uppfyllt skyldur sínar samkvæmt 8. gr. sáttmálans til að tryggja henna úrræði gagnvart stjúpföður sínum

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

er hann braut gegn friðhelgi einkalífs hennar.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að málið snerist um það hvort sænsk löggjöf hefði veitt kæranda fullnægjandi vernd gegn athöfnum stjúpföður hennar að teknu tilliti til þeirra skyldna sem leiða af 8. gr. sáttmálans.

Að mati dómstólsins hafði ekki verið sýnt fram á að athafnir stjúpföðursins gætu fallið undir tilraun til framleiðslu barnakláms líkt og áfrýjunardómstóllinn hafði vísað til. Þá tók dómstóllinn til skoðunar hvort að refsíákvæði um kynferðislega misnotkun hefðu veitt kæranda fullnægjandi vernd. Vísað var til þess að áfrýjunardómstóllinn hefði ekki talið unnt að sakfella stjúpföðurinn á þessum grundvelli þar sem það væri skilyrði að hinn brotlegi vildi eða væri sama um að fórnarlambið hefði vitneskju um brotið. Stjúpfaðirinn var því sýknaður þar sem athafnir hans féllu ekki undir refsíákvæði um kynferðislega misnotkun, en ekki þar sem sönnun skorti á athöfnum hans.

Fyrir lá að hinu sænska refsíákvæði um kynferðislega misnotkun hafði verið breytt í apríl 2005, en dómstóllinn taldi ekki ljóst hvort ákvæðið tæki nú til myndbandsupptöku sem færi fram án vitneskju fórnarlambins. Í öllu falli var talið ljóst að ákvæðið hefði ekki veitt einkalífi kæranda fullnægjandi vernd á þeim tíma sem viðkomandi athafnir áttu sér stað. Þá hefðu önnur refsíákvæði ekki bætt úr þessu, en skortur á refsíákvæði sem tæki til myndatöku án vitneskju þess sem tekin var mynd af hefði lengi verið talið áhyggjuefni innan Svíþjóðar. Tekið var fram að ný löggjöf, sem ætlað var að taka til athafna af þessu tagi, hefði tekið gildi í júlí 2013.

Hvað varðar einkaréttarleg úrræði kæranda var vísað til þess að áfrýjunardómstóllinn hefði vísað bótakröfu hennar frá þar sem stjúpfaðirinn var sýknaður. Þá var ekki talið sýnt fram á að kærandi hefði með raunhæfum hætti getað krafist bóta á öðrum grundvelli.

Samkvæmt þessu taldi dómstóllinn að sænsk löggjöf hefði ekki tryggt vernd einkalífs kæranda með fullnægjandi hætti. Lögð var áhersla á að athafnir stjúpföðursins hefðu brotið gegn einkalífi kæranda og væri brotið sérstaklega alvarlegt í ljósi ungs aldurs hennar, sem og þess að atvikið átti sér stað á heimili hennar af hendi einstaklings sem hún átti að geta treyst. Var því talið að brotið hefði verið gegn 8. gr. sáttmálans.

Kæranda voru dæmdar 10.000 evrur í miskabætur og 29.700 evrur í málskostnað.

Tveir dómáttarar skiluðu séráliti.

X gegn Lettlandi

Dómur frá 26. nóvember 2013 - Yfirdeild

Mál nr. 27853/09

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Haagsamningur um brottám barna. Málsmeðferð.

1. Málsatvik

Kærandi, X, er lettneskur ríkisborgari fædd árið 1974. Hún hlaut ástralskan ríkisborgararétt árið 2007 og býr nú í Ástralíu. Árið 2004, er hún var búsett í Ástralíu og gift, tók hún upp samband við annan mann, T, og flutti inn með honum. Árið 2005 eignaðist hún dóttir, en faðernis hennar var ekki getið á fæðingarvottorði. Erfiðleikar komu upp í sambandi X og T og flutti hún til Lettlands í júlí 2008 ásamt dóttur sinni sem var rúmlega 3 ára gömul.

T leitaði í kjölfarið til fjölskyldudómstóls í Ástralíu sem staðfesti að hann væri faðir stúlkunnar og að hann hefði farið sameiginlega með forsjá hennar ásamt X frá fæðingu. Í kjölfarið óskuðu áströlsk stjórnvöld eftir því að barnið yrði endursent til Ástralíu í samræmi við Haagsamninginn um einkaréttarleg áhrif af brottnámi barna til flutnings milli landa frá 25. október 1980. Í nóvember 2008 féll dómur á fyrsta dómstígi í Lettlandi þess efnis að flutningur barnsins til Lettlands hafi verið ólögmatúr án samþykkis T. Af hálfu X var dómnum áfrýjað og lagði hún einkum áherslu á tengsl barnsins við Lettland og skort á vitneskju um aðstæður barnsins ef hún yrði send til Ástralíu. Hún lagði jafnframt fram sérfræðiskýrslu þar sem fram kom að aðskilnaður hennar og barnsins myndi líklega valda barninu andlegum skaða í ljósi þess að X gat að eigin sögn ekki flust til Ástralíu á ný. Áfrýjunardómstóll staðfesti fyrrgreindan dóm í janúar 2009 og ákvað að barnið skyldi sent til Ástralíu. Hvað varðar röksemdir um þann andlega skaða sem barnið kynni að hljóta vegna endursendingar tók dómstóllinn fram að slíkt kæmi ekki til skoðunar í máli sem rekið væri á grundvelli Haagsamningsins og yrði að leysa úr því í sérstöku forræðismáli. Í kjölfar þess að dómurinn féll flutti T barnið með sér til Ástralíu. Frá þeim tíma hefur hann einn farið með forræði barnsins, en X fluttist aftur til Ástralíu og á regluleg samskipti við barnið.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi byggði á því að ákvörðun lettneskra dómstóla um að senda dóttur hennar til Ástralíu á grundvelli fyrrgreinds Haagsamnings bryti í bága við réttindi hennar samkvæmt 8. gr. sáttmálans.

Niðurstaðan

Dómstóllinn tók í upphafi fram að sú ákvörðun að senda barnið aftur til Ástralíu hefði falið í sér skerðingu á rétti kæranda til einkalífs og fjölskyldulífs. Hins vegar hefði sú skerðing verið í samræmi við lög og stefnt að því lögmatu markmiði að vernda réttindi barnsins og föður þess.

Við mat á því hvort umrædd skerðing gæti talist nauðsynleg tók dómstóllinn fram að almennt væri samstaða um að við ákvarðanatöku sem varðaði börn bæri að hafa hagsmuni þeirra í fyrirrúmi. Félli mat á slíku í hlut dómstóla í aðildarríkjunum, en dómstóllinn hefði eftirlitshlutverki að gegna sem fælist í því að staðreyna hvort það ferli sem leiddi til ákvörðunar um endursendingu barns hefði verið sanngjarnt og hvort hagsmunir barnsins hefðu verið hafðir að leiðarljósi.

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Samkvæmt þessu var talið að innlendum dómstólum hefði borið að framkvæma tvíþætt mat í ljósi 8. gr. sáttmálans áður en heimilt var að endursenda barnið til föður síns. Annars vegar bar að meta hvort alvarlega hætta væri á því að barnið yrði fyrir skaða kæmi til endursendingar. Hins vegar bar að staðreyna hvort nægjanlegar ráðstafanir væru til staðar til verndar barninu í Ástralíu.

Dómstóllinn vísaði til þess að kærandi hefði lagt fram skýrslu sálfræðings sem benti til þess að líklegt væri að aðskilnaður hennar og barnsins myndi leiða til andlegs skaða barnsins. Að mati dómstólsins var óásættanegt að innlendir dómstólar skyldu líta framhjá þessari skýrslu með vísan til þess að hún varðaði ágreining um forsjá barnsins frekar en ákvörðun um hvort endursenda ætti barnið til föður síns. Bent var á að skýrslan sýndi fram á hættu á andlegum skaða sem tengdist hagsmunum barnsins með beinum hætti og studdi það að „alvarleg hætta“ á andlegum skaða væri til staðar kæmi til afhendingar, sbr. 13. gr. Haag samningsins. Þannig hefði átt að líta til skýrslunnar, sem og hvort mögulegt væri fyrir kæranda að flytja til Ástralíu og halda sambandi við dóttur sína. Talið var að strangar málshraðareglur samkvæmt Haagsamningnum gætu ekki leyst lettneska dómstóla undan skyldu til að taka afstöðu til framangreindra þátta. Samkvæmt þessu talið að með því að neita að leggja mat á umrædda sérfræðiskýrslu sem sýndi fram á möguleika á „alvarlegri hættu“ í skilningi 13. gr. Haagsamningsins hefði lettneska ríkið brotið gegn 8. gr. sáttmálans.

Kæranda voru dæmdar 2.000 evrur í málskostnað.

Níu dómarrar skiluðu séráliti.

Vilnes o.fl. gegn Noregi

Dómur frá 5. desember 2013

Mál nr. 52806/09 og 22703/10

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Löggjöf um öryggi við störf. Heilsutjón. Eftirlit með starfsemi. Jákvæðar skyldur.

1. Málsatvik

Kærendur eru fimm norskir ríkisborgarar, einn sænskur ríkisborgari og einn íslenskur ríkisborgari. Þeir eru allir fyrrverandi atvinnukafarar og voru ráðnir til starfa hjá fyrirtækjum sem stunduðu olíurannsóknir í norskri landhelgi á árunum 1965 til 1990. Þeir tóku þátt í ýmsum köfunum, meðal annars tilraunaköfunum í Norðursjó. Þeir töldu sig hafa orðið fyrir heilsutjóni vegna starfa sinna sem hafi leitt til örorku, en í því sambandi var meðal annars vísað til ófullnægjandi vinnuaðstæðna og eftirlits með því að öryggisreglum væri fylgt.

Einn kæranda byggði á því að hann hefði orðið fyrir varanlegu heila- og mænutjóni í störfum sínum og sex kæranda töldu sig hafa orðið fyrir tjóni vegna tilraunakafana sem þeir hefðu tekið þátt í án upplýsts samþykkis. Fyrir lágu rannsóknir sem sýndu fram á möguleg tengsl á milli kafana og heilsutjóns og skýrsla opinberrar nefndar sem sett var á laggirnar lagði til að köfuum í Norðursjó

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

yrðu greiddar bætur. Það fór svo að norska ríkið greiddi umræddum köfutum bætur vegna líkamstjóns þeirra, en tók þó fram að bótaábyrgð væri ekki viðurkennd á lagalegum grundvelli.

Kærendur kröfðust frekari bótagreiðslna frá norska ríkinu og töldu það bera skaðabótaábyrgð á tjóni þeirra. Hæstiréttur Noregs komst að þeirri niðurstöðu að ríkið gæti ekki talist skaðabótaskyld þar sem orsakatengsl milli athafnaleysis þess og tjóns kærenda hefði ekki verið sannað.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur byggðu á því að norska ríkið hefði ekki gripið til viðeigandi aðgerða til að tryggja heilsu þeirra og líf við störf á Nordursjó og í tilraunaköfunum. Jafnframt var byggt á því að ríkið hefði ekki veitt þeim fullnægjandi upplýsingar um þá hættu sem að heilsu þeirra gæti verið búin vegna tilraunakafana. Til stuðnings kærunni vísuðu kærendur meðal annars til 2. og 8. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók undir það mat norskra dómstóla að norsk lög hefðu haft að geyma ýmis fyrirmæli sem var ætlað að tryggja öryggi kafara og að eftirlit með því að reglunum væri fylgt hefði verið framkvæmt með ábyrgum hætti. Talið var að þeir kærendur, sem höfðu tekið þátt í tilraunaköfunum, hefðu fengið fullnægjandi upplýsingar um þá áhættu sem þeim fylgdi. Þá var lögð áhersla á að umræddar kafanir hefðu verið samþykktar af þar til bærum stjórnvöldum á grundvelli rannsókna sem tóku meðal annars til þess hvort heilsu kafara yrði hætt komið. Jafnframt var bent á að eðli málsins samkvæmt fylgdi tilraunaköfunum alltaf ákveðin áhætta. Með hliðsjón af þessu var ekki talið að norska ríkið hefði brotið gegn 2. eða 8. gr. sáttmálans í tengslum við tilraunakafanir.

Dómstóllinn lagði áherslu á að allir kærendur hefðu getað fengið úrlausn um skaðabótakröfur sínar fyrir innlendum dómstólum. Jafnframt hefðu norsk stjórnvöld og fyrirtækið Statoil sett á fót ákveðin bótakerfi og á þeim grundvelli gátu kafarar sótt um umtalsverðar fjárhæðir í bætur, en allir kærendur hefðu fengið slíkar bætur. Hins vegar taldi dómstóllinn að sýnt hefði verið fram á líkur á því að kærendur hefðu orðið fyrir heilsutjóni vegna köfunarveiki. Orsakir þessa mátti meðal annars rekja til þess að notast var við afþrýstistöflur sem gerðu ráð fyrir mjög stuttum tíma til afþrýstings. Hefðu ekki verið til staðlaðar reglur um afþrýstistöflur fyrr en á árinu 1990, en eftir þann tíma fækkaði tilfellum köfunarveiki umtalsvert. Samkvæmt þessu taldi dómstóllinn að stjórnvöld hefðu að líkindum getað komið í veg fyrir líkamstjón kærenda með því að grípa fyrr til aðgerða í því skyni að tryggja að viðeigandi afþrýstistöflur væru í notkun. Dómstóllinn lagði áherslu á að samkvæmt 8. gr. sáttmálans væri ríkinu skylt að veita einstaklingum aðgang að upplýsingum sem þörf væri á til að meta hættu tiltekinna athafna fyrir heilsu og líf þeirra. Talið var að afþrýstistöflur teldust til mikilvægra upplýsinga sem kafarar treystu á við störf sín. Hins vegar hefðu opinberir eftirlitsaðilar ekki gert þá kröfu

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

til köfunarfyrirtækja að þau legðu fram þær afbrýstistöflur sem unnið var eftir þegar sótt var um leyfi til kafana. Þessum fyrirtækjum hafi því greinilega verið eftirlátið svigrúm til þess að notast við þær afbrýstistöflur sem hentuðu viðskiptahagsmunum þeirra best.

Með hliðsjón af því hlutverki stjórnvalda að hafa eftirlit með köfunum og tryggja öryggi kafara, sem og skorts á vísindalegri samstöðu um langtímaáhrif köfunarveiki, taldi dómstóllinn að stjórnvöld hefðu átt að gæta mikillar varkárni. Hefði þeim verið rétt að skylda köfunarfyrirtæki til að veita upplýsingar um afbrýstistöflur þannig að starfsmenn þeirra gætu gert sér grein fyrir þeirri áhættu sem fylgdi starfi þeirra. Þar sem ekki hafði verið gripið til aðgerða af þessu tagi var talið að norska ríkið hefði ekki uppfyllt skyldur sínar til að vernda heilsu kæranda samkvæmt 8. gr. sáttmálans.

Norska ríkinu var gert að greiða hverjum kæranda 8.000 evrur í miskabætur. Tveir dómarmar skiluðu séráliti.

Kismoun gegn Frakklandi **Dómur frá 5. desember 2013**

Mál nr. 32265/10

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Réttur til að breyta nafni. Jákvæðar skyldur ríkisins.

1. Málsatvik

Kærandi er franskur og alsírskur ríkisborgari, fæddur árið 1956, og býr í Villeurbanne í Frakklandi. Eftirnafn hans er skráð Henry í frönsku þjóðskránni, en það er eftirnafn móður hans. Móðir kæranda yfirgaf hann þegar hann var þriggja ára gamall og í kjölfar þess fluttist hann með föður sínum til Alsír. Þar gekk hann í skóla og gegndi herskyldu undir nafninu Cherif Kismoun. Hann er einnig skráður með það eftirnafn í opinberum skráum alsírskra stjórnvalda. Árið 1977 reyndi kærandi að setja sig í samband við móður sína í Frakklandi, en hún neitaði að taka upp frekara samband við hann. Á sama tíma komst hann að því að hann væri skráður sem Christian Henry í frönsku þjóðskránni.

Kærandi óskaði eftir því að frönsk stjórnvöld breyttu skráningu nafns hans í þjóðskrá þannig að eftirnafn hans væri Kismoun í stað Henry. Þessari beiðni var ítrekað synjað af stjórnvöldum. Vegna þessa höfðaði kærandi mál árið 2003 og rökstuddi kröfu sína um breytingu meðal annars með því að móðir hans vildi ekki gangast við honum. Þar sem dómstólar töldu að honum hefði ekki tekist að færa sönnur á þessa staðhæfingu var kröfum hans hafnað árið 2008. Þar að auki var tekið fram í dómi að meint áhugaleysi móður hans teldist allt að einu ekki nægjanlegur grundvöllur fyrir nafnbreytingu í þjóðskrá. Beiðni kæranda um áfrýjunarleyfi var hafnað árið 2009.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi byggði á því að synjun á að veita honum heimild til að breyta skráningu eftirnafns síns í frönsku þjóðskránni fæli í sér brot gegn 8. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn vísaði til þess að réttur manna til nafns félli undir þá hagsmuni sem 8. gr. sáttmálans væri ætlað að vernda. Tekið var fram að staðhæfingar kæranda um að hann hefði ekki lengur nein tengsl við móður sína hefðu ekki verið kannaðar sérstaklega áður en umsóknum hans um nafnbreytingu í þjóðskrá var hafnað. Að sama skapi hefði ekki verið litið til þess að kærandi væri skráður með eftirnafnið Kismoun í Alsír þar sem hann ætti fjölskyldu og hefði alist upp.

Dómstóllinn lagði áherslu á að borgarar hefðu ríka hagsmuni af því að nafn þeirra væri réttilega skráð í opinberar skrár. Fælist sú skylda í 8. gr. sáttmálans að borgurinum væri ekki gert óeðlilega erfitt fyrir þegar kæmi að réttmætum breytingum á slíkum skráningum. Talið var að eins og hér væri ástatt hefði franska ríkið ekki tekið nægilegt tillit til hagsmuna kæranda sem tengdust breytingu á skráningu eftirnafns hans. Var því talið að brotið hefði verið gegn 8. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn dæmdi franska ríkið til að greiða kæranda 4.000 evrur í miskabætur.

Santilli gegn Ítalíu

Dómur frá 12. desember 2013

Mál nr. 51930/10

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu.

13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns.

Börn. Umgengnisréttur. Jákvæðar skyldur ríkisins.

1. Málsatvik

Kærandi er ítalskur ríkisborgari, fæddur árið 1975, og býr í Urbino á Ítalíu. Kærandi var í sambúð með AB og átti með henni son. Eftir að þau slitu samvistum fékk AB forræði yfir barninu en kærandi fékk umgengnisrétt við barnið. AB hamlaði umgengni kæranda við son þeirra á árunum 2006-2009 og fékk hann ekki að hitta barnið á því tímabili. Kærandi gerði ítrekaðar tilraunir til þess að fá að hitta barnið og fór meðal annars með mál sitt fyrir dómstóla þar sem úrskurðað var að AB væri skylt að veita honum umgengnisrétt við barnið. Þegar það gekk ekki eftir skipaði dómstóllinn í október 2011 félagsmálayfirvöldum að beita sér fyrir því að kærandi gæti heimsótt son sinn reglulega. Fram til desember 2011 fékk kærandi að heimsækja son sinn reglulega, en eftir þann tíma ákvað hann af tillitsemi við son sinn að heimsóknum skyldi hætt þar sem barnið vildi ekki hitta hann. Í mars 2012 féll dómur um umgengnisrétt kæranda við barnið, en í ágúst sama ár tilkynntu félagsmálayfirvöld að þau hefðu misst samband við kæranda og gætu ekki fylgt eftir umgengni hans við son sinn.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi vísaði til þess að þrátt fyrir fjölda dómsúrskurða um rétt hans til umgengni við son sinn hefði hann ekki getað nýtt þann rétt með raunhæfum hætti frá árinu 2006. Hann byggði á því að brotið hefði verið gegn rétti hans til einkalífs og fjölskyldu samkvæmt 8. gr. sáttmálans, svo og að skort hafi raunhæf úrræði til að hann gæti leitað réttar síns, sbr. 13. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Um 8. gr.: Dómstóllinn áréttaði að 8. gr. sáttmálans legði jákvæðar skyldur á aðildarríkin til að grípa til aðgerða í því skyni að tryggja virka vernd þeirra réttinda sem ákvæðið varðar. Samkvæmt þessu var talið að aðildarríkjunum bæri að tryggja rétt foreldra til að umgangast börn sín, einkum í málum þar sem deilt væri um umgengnisrétt. Lögð var áhersla á að úrræði til að tryggja umgengnisrétt yrðu að vera skjótvirk þar sem samband foreldris og barns væri háð því að ekki liði langur tími milli heimsóknna.

Dómstóllinn tók fram að ekki hefði náðst samkomulag milli kæranda og AB um umgengnisrétt og að AB hafi frá upphafi lagst gegn því að kærandi fengi að umgangast son sinn. Þá hefðu dómstólar og félagsmálayfirvöld ekki náð að koma á heimsóknum milli kæranda og sonar hans, þrátt fyrir ítrekuð dómsmál sem hafi fallið honum í hag. Tekið var fram að þetta leiddi ekki eitt og sér til þeirrar niðurstöðu að ítalska ríkið hefði ekki uppfyllt skyldur sínar samkvæmt 8. gr. sáttmálans. Taka yrði tillit til þess að ferli umgengnismála og virkni umgengnisréttar byggði að hluta á því að aðilar sýndu sáttavilja og færu eftir ákvörðunum stjórnvalda. Lögð var áhersla á að aðgerðir stjórnvalda í málum af þessum toga yrðu fyrst og fremst að taka mið af því hvað teldist barninu fyrir bestu. Væru því takmörk fyrir því hversu langt væri hægt að ganga í að þvinga fram umgengnisrétt.

Dómstóllinn taldi að í þessu máli hefði málsmeðferð og aðgerðir stjórnvalda verið á þann veg að ómögulegt hafi verið fyrir kæranda að halda sambandi við son sinn. Var því talið að ítalska ríkið hefði ekki gengið nægilega langt í aðgerðum til að tryggja rétt kæranda til að umgangast barn sitt á fullnægjandi hátt og að brotið hefði verið gegn 8. gr. sáttmálans.

Um 13. gr.: Dómstóllinn fjallaði því næst um hvort brotið hefði verið gegn 13. gr. sáttmálans. Tekið var fram að ljá yrði aðildarríkjum talsvert svigrúm til útfærslu á þeim úrræðum sem borgurum stæðu til boða. Í þessu máli hafi kærandi haft mörg tækifæri til þess að bera mál sín undir dómstóla og fengið úrskurði um að umgengnisréttur hans skyldi virtur. Ítölsk löggjöf hafi því tryggt honum raunhæf úrræði til að leita réttar síns í skilningi 13. gr. sáttmálans og hefði ekki verið brotið gegn ákvæðinu.

Dómstóllinn dæmdi ítalska ríkið til að greiða kæranda miskabætur að upphæð 10.000 evrum.

10. gr. Tjáningarfrelsi

Nagla gegn Lettlandi
Dómur frá 16. júlí 2013
Mál nr. 73469/10
10. gr. Tjáningarfrelsi.
Heimildamenn. Hlutverk blaðamanna. Húsleit.

1. Málsatvik

Kærandi, Ilze Nagla, er lettneskur ríkisborgari, fædd árið 1971. Þegar atvik málsins áttu sér stað starfaði hún sem framleiðandi fréttapáttarins „de facto“ á sjónvarpsstöð þar í landi. Þann 10. febrúar 2010 fékk kærandi upplýsingar frá nafnlausum heimildamanni um að alvarlegir öryggisgallar væru á tölvukerfi skatt-yfirvalda sem leiddu til þess að persónugreinanlegar upplýsingar um tekjur og skattgreiðslur einkaaðila, opinberra starfsmanna og fyrirtækja væru aðgengilegar. Kærandi tilkynnti skattyfirvöldum um þessa öryggisgalla og birti í kjölfarið frétt í þætti sínum um málið. Einni viku eftir útsendingu þáttarins fór heimildarmaður hennar, sem kallaði sig „Neo“, að senda út upplýsingar á netinu um laun ýmissa opinberra starfsmanna. Lögregla hóf rannsókn á upplýsingalekanum og kallaði kæranda til yfirheyrslu. Hún neitaði að gefa upplýsingar um heimildarmann sinn og vísaði til þess að samkvæmt lettneskum prent- og fjölmiðlalögum þyrfti hún ekki að nafngreina heimildarmenn sína.

Þann 11. maí 2010 fór fram húsleit á heimili kæranda og var hald lagt á fartölvu hennar, tölvudiska og minniskubba. Heimild til húsleitarinnar var gefin út af saksóknara og byggði meðal annars á tengslum kæranda við umræddan heimildarmann. Í beiðni um húsleit var tekið fram að kærandi kynni að hafa undir höndum sönnunargögn sem vörpuðu ljósi á upplýsingalekann. Lögð var áhersla á að hætta væri á að sönnunargögn spilltust eða að þeim yrði eytt í því skyni að afla heimildar til húsleitar samkvæmt flýtimeðferð sem fól í sér að nægilegt var að dómari samþykkti húsleitina með afturvirkum hætti. Heimild til húsleitarinnar var samþykkt af dómara daginn eftir að hún fór fram og var staðfest fyrir dómi eftir að kærandi hafði kært framkvæmd hennar. Í september 2010 var gefið út álit hins lettneska umboðsmanns þess efnis að umræddar aðgerðir hefðu brotið gegn tjáningarfrelsi kæranda og rétti hennar til að vernda heimildarmenn sína. i dndi+ 'kur rmgr. 6. gr. sfyrir hendi að kvðida manndrn st að f

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að með húsleitinni hefði hún verið þvingað til að veita upplýsingar, sem vörðuðu heimildarmann hennar, í andstöðu við rétt hennar til þess að taka við og miðla upplýsingum samkvæmt 10. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn benti á að gögn, sem lagt var hald á við húsleitina, hefðu ekki eingöngu haft að geyma upplýsingar um heimildarmann kæranda vegna upplýsingalekans heldur einnig upplýsingar um aðra heimildarmenn.

Dómstóllinn taldi ljóst að réttur kæranda til að taka við og miðla upplýsingum, sem nyti verndar 10. gr. sáttmálans, hefði verið skertur. Talið var að húsleitinni ætti sér stað í lettneskum lögum og stefndi að því lögmæta markmiði að koma í veg fyrir glæpi og vernda réttindi borgaranna. Hins vegar taldi dómstóllinn að ástæður sem gefnar höfðu verið fyrir nauðsyn húsleitarinnar væru ófullnægjandi og að ekki hefði verið sýnt fram á aðkallandi samfélagslega þörf fyrir aðgerð af þessu tagi. Bent var á að umfjöllunarefni í sjónvarpsþætti kæranda, sem leiddi til húsleitarinnar, hefði átt erindi til almennings þar sem það varðaði launagreiðslur í opinbera geiranum á tímum mikilla fjárhagsörðugleika sem og öryggisgalla í tölvukerfum skattayfirvalda. Dómstóllinn lagði áherslu á að réttur blaðamanna til að halda heimildarmönnum sínum leyndum væri ekki háður því hvort heimildarmennirnir hefðu öðlast upplýsingar á ólögmætan eða lögmætan hátt. Þessi réttur væri samofinn réttinum til að öðlast upplýsingar og því yrði að gæta fyllstu varúðar við skerðingu hans.

Dómstóllinn benti á að húsleitinni á heimili kæranda hefði farið fram næstum þremur mánuðum eftir útsendingu umrædds sjónvarpsþáttar og eftir að kærandi hafði fallist á að gefa skýrslu við yfirheyrslu hjá lögreglu. Lögð var áhersla á að húsleitinni hefði verið framkvæmd á grundvelli sérstakrar flýtimeðferðar án þess að dómstóll hafi veitt heimild til hennar eða tryggt að gætt væri meðalhófs. Talið var að sérlega ríkar ástæður þyrfti til að réttlæta aðgerð af þessu tagi, enda lægi ekki annað fyrir en að tengsl kæranda við heimildarmanninn væru aðeins vegna fréttatöflunar. Í því sambandi var bent á að haldlagning á gögnum blaðamanna væri almennt til þess fallin að skerða tjáningarfrelsi þeirra og yrði að veita slíkum gögnum viðeigandi vernd.

Dómstóllinn taldi að enda þótt dómari hefði metið lögmæti umræddrar húsleitar eftir að hún átti sér stað hefði hann ekki metið hvort rannsóknarhagsmunir skyldu í þessu tilviki vega þyngra en þeir almannahagsmunir sem tengjast vernd tjáningarfrelsis fjölmiðla, þar á meðal réttar þeirra til að veita ekki upplýsingar um heimildarmenn. Dómstóllinn taldi samkvæmt þessu að brotið hefði verið gegn 10. gr. sáttmálans.

Lettneska ríkið var dæmt til að greiða kæranda 10.000 evrur í miskabætur og 10.000 evrur í málskostnað.

Sampaio e Paiva de Melo gegn Portúgal

Dómur frá 23. júlí 2013

Mál nr. 33287/10

10. gr. Tjáningarfrelsi

Meiðyrðamál. Refsing. Opinberar persónur.

1. Málsvatik

Kærandi, Afonso Joaquim Sampaio e Paiva de Melo, er portúgalskur ríkisborgari, fæddur árið 1964. Hann er blaðamaður og fyrrverandi blaðafulltrúi portúgalska landsliðsins í fótbolta. Hann gaf út bók árið 2006 þar sem hann gagnrýndi harðlega formann víðfrægs knattspyrnufélags. Hann nafngreindi formanninn ekki sérstaklega en lýsti honum sem „svörnum óvini“ knattspyrnulandsliðs Portúgal. Þá vísaði hann einnig í málaferli sem vörðuðu formanninn og kallaði hann „Portúgalmeistara í fótboltamálaferlum“. Árið 2009 var kærandi sakfelldur fyrir meiðyrði og dæmdur til greiðslu sektar, svo og til greiðslu skaðabóta til formannsins. Dómurinn var staðfestur af áfrýjunardómstól í febrúar 2010.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólum

Kæran

Kærandi taldi að sakfelling hans fyrir meiðyrði hefði brotið gegn tjáningarfrelsi hans samkvæmt 10. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn áréttaði að réttur til frjálsrar tjáningar samkvæmt 10. gr. sáttmálans væri grundvallarréttur í hverju lýðræðisríki og næði til miðlunar skoðana sem væru til þess fallnar að móðga eða valda deilum. Þá lagði dómstóllinn áherslu á að blaðamenn gegndu mikilvægu hlutverki í lýðræðisþjóðfélagi og yrði að gæta varúðar við skerðingu á tjáningarfrelsi þeirra.

Dómstóllinn tók fram að sú takmörkun á tjáningarfrelsi kæranda sem fólst í sakfellingu hans fyrir meiðyrði hefði átt sér stoð í settum lögum og stefnt að því lögmæta markmiði að vernda rétt annarra einstaklinga. Aftur á móti yrði að skoða vandlega hvort takmörkunin teldist nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi. Vísað var til þess að bók kæranda fjallaði um málefni portúgalska knattspyrnulandsliðsins og varðaði meðal annars stjórnunarhætti í þarlandum knattspyrnufélögum. Lögð var áhersla á að slík umfjöllun ætti erindi til almennings. Jafnframt var vísað til þess að umræddur knattspyrnufélagsformaður væri opinber persóna sem hefði sætt talsverðri umfjöllun í fjölmiðlum vegna þeirra dómsmála sem hann átti aðild að.

Með hliðsjón af aðstæðum taldi dómstóllinn að dómur í málinu vegna þeirra ummæla sem kærandi setti fram í bók sinni hefði gengið lengra en heimilt væri og að tjáningarfrelsi kæranda hefði ekki verið veitt nægjanlegt vægi í því hagsmunamati sem fram fór. Dómstóllinn tók sérstaklega fram að sektargreiðslur í málum af þessu tagi væru til þess fallnar að hafa letjandi áhrif á opinbera umræðu og ættu ekki rétt á sér nema í undantekningartilvikum. Dómurinn taldi því að um brot gegn 10. gr. sáttmálans væri að ræða.

Portúgalska ríkið var dæmt til að greiða kæranda 2.600 evrur í skaðabætur, 3.250 evrur í miskabætur og 2.396 evrur í málskostnað.

Stojanović gegn Króatíu

Dómur frá 19. september 2013

Mál nr. 23160/09

10. gr. Tjáningarfrelsi

Meiðyrðamál. Ábyrgð á ummælum. Gildisdómar

1. Málsatvik

Kærandi, Josip Stojanović, er króatískur ríkisborgari, fæddur 1940 og búsettur í Zagreb. Í apríl 1997 birti vikublað tvær greinar þar sem ummæli voru höfð eftir kæranda. Í annarri greininni var viðtal við kæranda þar sem hann gagnrýndi þáverandi heilbrigðisráðherra, en þeir voru félagar í sama stjórn málafllokki. Fyrirsögn greinarinnar hafði að geyma orðið „vélabrögð“ og var þar vísað til athafna ráðherrans. Í hinn greininni var fjallað um meint samtal á milli kæranda og aðalritara stjórn málaflöksins. Því var haldið fram að í símtalinu hefði aðalritarinn beðið kæranda um að draga tilbaka nokkur eldri ummæli og að láta af opinberri gagnrýni á ráðherrann. Fram kom í greininni að kærandi teldi að almenningur væri leyndur því að ráðherrann sæti í stjórn tíu eftirlitsaðila og fengi fyrir það háar þóknanir. Jafnframt kom fram að ráðherrann hefði hótad því að kærandi myndi ekki verða prófessor á „meðan ég er í ráðherrastólnum“.

Ráðherrann höfðaði einkamál á hendur útgefanda vikublaðsins og kæranda fyrir meiðyrði. Með dómi króatísku dómstóls í maí 2003 var kæranda gert að greiða ráðherranum skaðabætur. Talið var að notkun orðsins „vélabrögð“ og fyrrgreind ummæli sköðuðu virðingu, æru og mannorð ráðherrans. Þótti ekki skipta máli hvort kærandi hefði í raun viðhaft orðið „vélabrögð“ í viðtalinu, enda hefði hann fyrir rétti sagst sammála titli greinarinnar. Þá var talið að kærandi bæri ábyrgð á ummælum í seinni greininni, enda þótt höfundur hennar hefði ekki farið rétt með efni samtalsins þar sem kærandi hefði átt að benda á að hin meiðandi ummæli væru röng eftir að þau birtus. Dómurinn var staðfestur af stjórnlagadómstólnum í júní 2008.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að brotið hefði verið gegn 10. gr. sáttmálans með því að gera honum að greiða skaðabætur fyrir meiðyrði gegn ráðherranum. Hann vísaði sérstaklega til þess að hann hefði ekki notað orðið „vélabrögð“ til að lýsa athöfnum ráðherrans. Þá hefði hann ekki heimilað birtingu efnis úr fyrrgreindu símtali sem jafnframt var farið rangt með í greininni.

Niðurstaða

Dómstóllinn taldi tjáningarfrelsi kæranda hafa verið skert með fyrrgreindum dómum, en að skerðingin hefði átt sér stöð í lögum og stefnt að því lögþæta markmiði að vernda mannorð eða réttindi annarra. Við mat á því hvort nauðsyn hefði borið til skerðingar af þessu tagi leit dómstóllinn til hvorrar greinar fyrir sig. Hvað varðar fyrri greinina taldi dómstóllinn torvelt að fallast á þá niðurstöðu

10. gr. Tjáningarfrelsi

króatískra dómstóla að kærandi bæri bótaábyrgð þótt hann hefði ekki notað orðið „vélabrögð“ um aðgerðir ráðherra, heldur blaðamaður valið orðið. Tekið var fram að endurtekning ærumeiðandi ummæla í dómsal gæti undir vissum kringumstæðum leitt til höfðunar sérstaks meiðyrðamáls, en hér væri deilt um meint ummæli kæranda við fjölmiðla. Með hliðsjón af þessu gæti bótaábyrgð vegna titils greinarinnar ekki fallið á annan en ritstjóra blaðsins.

Hvað síðari greinina varðar skoðaði dómstóllinn ummælin hvor fyrir sig. Talið var sýnt fram á að kærandi hefði viðhaft ummæli þess efnis að ráðherrann ætti sæti í stjórn tíu eftirlitsaðila og fengi háar fjárgreiðslur fyrir það. Væri um að ræða fullyrðingu um staðreyndir sem hefði reynst röng. Væri hún meiðandi þar sem gefið væri í skyn að ráðherrann hefði hagnast óeðlilega á stöðu sinni. Dómstóllinn taldi því að takmörkun tjáningarfrelsis kæranda hefði að þessu leyti verið studd gildum rökum. Hvað varðar ummælin um meinta hótun ráðherrans tók dómstóllinn fram að kærandi hefði neitað að hafa viðhaft orðin „meðan ég er í ráðherrastólnum“ og hefði viðmælandi hans og þrjú önnur vitni staðfest það. Vísað var til þess að króatískir dómstólar hefðu byggt niðurstöðu sína alfarið á framburði blaðamannsins, en meta yrði trúverðugleika hans með hliðsjón af hagsmunum hans af því að skrif hans reynist rétt. Með hliðsjón af þessu taldi dómstóllinn að rétt hefði verið að flokka ummæli kæranda sem gildisdóm, sem ekki er hægt að sanna, frekar en sem fullyrðingu um staðreynd líkt og gert var af hinum króatísku dómstólum. Jafnframt var tekið fram að ekki hefði verið bent á lagaákvæði þess efnis að varnaraðilar í meiðyrðamálum þyrftu að mótmæla meiðandi ummælum eða draga þau til baka til að losna undan bótaábyrgð.

Samkvæmt þessu var talið að brotið hefði verið gegn tjáningarfrelsi kæranda samkvæmt 10. gr. sáttmálans með því að dæma hann til greiðslu skaðabóta vegna fyrisagnar fyrri greinarinnar og vegna hinna meintu ummæla um að ráðherra hefði hótáð sér að hann yrði ekki próffessor á meðan hann gegndi embætti.

Kæranda voru dæmdar 1500 evrur í miskabætur og 5600 evrur í málskostnað.

Delfi AS gegn Eistlandi

Dómur frá 10. október 2013

Mál nr. 64569/09

10. gr. Tjáningarfrelsi

Meiðyrðamál. Ábyrgð á athugasemdum á fréttavefsíðu.

1. Málsatvik

Kærandi, Delfi AS, er hlutafélag með heimilisfesti í Eistlandi og eigandi einnar stærstu fréttavefsíðu landsins. Í janúar 2006 birti kærandi grein á vefsíðu sinni um fyrirtæki í ferjurekstri. Greinin varðaði þá ákvörðun fyrirtækisins að breyta siglingaleið að tilteknum eyjum. Þessi ákvörðun leiddi til þess að ís brotnaði þar sem fyrir lá að annars hefði mátt útbúa ísvegi í náninni framtíð. Ísvegirnir veita möguleika á ódýrari og fljótarri ferðaleið en ferjur og seinkaði gerð þeirra

10. gr. Tjáningarfrelsi

um nokkrar vikur sökum breytingarinnar á siglingaleiðinni. Undir greininni gátu lesendur nálgast athugasemdir annara lesenda og skilið slíkar athugasemdir eftir sjálfir. Margar athugasemdir sem birtust voru meiðandi eða ógnandi í garð eiganda ferjunnar.

Eigandi ferjunnar höfðaði mál gegn kæranda í apríl 2006 vegna þessara athugasemda og komst dómstóll að þeirri niðurstöðu að um meiðandi ummæli væri að ræða. Var kæranda gert að greiða eigandanum skadabætur vegna þessa. Hæstiréttur Eistlands staðfesti þá niðurstöðu í júní 2009.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að eistneskir dómstólar hefðu gert hann ábyrgan fyrir athugasemdum lesenda sinna og að slíkt fæli í sér brot gegn 10. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn vísaði til þess að takmörkun á tjáningarfrelsi kæranda væri í samræmi við lög og stefndi að því lögmæta markmiði að vernda mannorð annarra. Hins vegar skipti mestu hvort takmörkunin uppfyllti kröfur meðalhófsreglunnar og hvort jafnvægi hefði verið náð á milli andstæðra hagsmuna. Við skoðun á því leit dómstóllinn til fjögurra grundvallaratriða.

Fyrst var litið til þeirra aðstæðna sem athugasemdirnar voru settar fram í. Bent var á að athugasemdirnar væru móðgandi, ógnandi og ærumeiðandi. Talið var að í ljósi efnis greinarinnar hefði kærandi mátt búast við athugasemdum af þessum toga og hefði hann því átt að sýna aukna varúð svo ekki kæmi til ábyrgðar. Í öðru lagi var litið til þeirra ráðstafana sem kærandi hafði gripið til í því skyni að koma í veg fyrir birtingu meiðandi ummæla. Vísað var til þess að fram kom á vefsíðunni að höfundar athugasemda bæru ábyrgð á þeim og að móðgandi eða ógnandi athugasemdir væru óheimilar. Þá eyddi vefsíðan sjálfkrafa athugasemdum sem hefðu að geyma tiltekin orð eða orðasambönd sem voru særandi eða meiðandi. Jafnframt var unnt að kvarta undan efni tiltekinna athugasemda með því að þrýsta á einn takka. Hins vegar vísaði dómstóllinn til þess að viðvaranir hefðu ekki komið í veg fyrir aragrúa særandi og ógnandi athugasemda og að ráðstafanir til að fjarlægja slíkar athugasemdir hefðu ekki virkað með nægilega skilvirkum hætti. Í þriðja lagi leit dómstóllinn til þess hvort höfundar athugasemda hefðu getað borið ábyrgð á þeim. Tekið var fram að eigandi ferjufyrirtækisins hefði fræðilega getað reynt að stefna viðkomandi höfundum frekar en kæranda vegna ummælanna. Hins vegar hefði verið afar erfitt að hafa upp á höfundum ummælanna í framkvæmd þar sem lesendur gátu ritað athugasemdir nafnlaust. Var því talið eðlilegt að leggja ábyrgð á kæranda, einkum í ljósi þess að hann naut aukinnar umferðar og auglýsingahagræðis sökum athugasemdanna. Í fjórða og síðasta lagi leit dómstóllinn til afleiðinga þess að kærandi bæri bótaábyrgð vegna athugasemdanna. Vísað var til þess að þær sektir sem kæranda var gert að greiða væru hóflegar, en þær numu 320 evrum. Sérstaklega var tekið fram að dómstólar hefðu ekki mælt fyrir um hvernig nýta bæri

10. gr. Tjáningarfrelsi

vefsíðuna til framtíðar litið í því skyni að vernda réttindi þriðju aðila, en slíkt kynni að hafa takmarkað tjáningarfrelsi kæranda.

Með hliðsjón af framangreindu komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að takmörkun á tjáningarfrelsi kæranda hefði verið réttlæt看anleg og að ekki væri um brot gegn 10. gr. sáttmálans að ræða.

Ristamáki og Korvola gegn Finnlandi

Dómur frá 29. október 2013

Mál nr. 66456/09

10. gr. Tjáningarfrelsi

Meiðyrðamál. Fjölmiðlar. Umræða um samfélagsleg málefni.

1. Málsatvik

Kærandur, Juha Ristamáki og Ari Korvola, eru finnskir ríkisborgarar, fæddir 1969 og 1953, og búsettir í Espoo og Helsinki í Finnlandi. Þeir starfa báðir hjá finnskum fjölmiðli, annar sem ritstjóri og hinn sem yfirmaður hans. Árið 2006 birti fjölmiðillinn sjónvarpsþátt um rannsóknir á efnahagsbrotum þar sem skortur á samstarfi lögreglu og skattyfirvalda var gagnrýndur. Í þættinum var minnst á að vegna rannsóknar sinnar hefði lögreglan óskað eftir upplýsingum um hvort tiltekin íþróttamiðstöð hefði verið styrkt af K.U., þjóðþekktum finnskum viðskiptamanni sem sætti á þessum tíma ákæru vegna tiltekinna efnahagsbrota. Í desember 2007 voru kærandur ákærðir fyrir meiðyrði og krafðist K.U. skaðabóta í sama máli. Kærandur báru því við að allar upplýsingar sem fram komu í þættinum hefðu verið sannar. Þeir voru hins vegar sakfelldir fyrir meiðyrði og var þeim meðal annars gert að greiða K.U. skaðabætur. Beiðni kæranda um áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar Finnlands var hafnað.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandur byggðu á því að með framangreindum dómi hefði verið brotið gegn tjáningarfrelsi þeirra samkvæmt 10. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að skerðing á tjáningarfrelsi kæranda hefði verið í samræmi við landsrétt og stefnt að lögmætu markmiði. Lögd var áhersla á að tjáningarfrelsi væri ein af grunnstöðum lýðræðisþjóðfélags og að sérstaklega ríkar ástæður þyrfti til að skerða tjáningarfrelsi fjölmiðla vegna hlutverks þeirra við upplýsingamiðlun í þjóðfélaginu. Hafa yrði í huga að hlutverki fjölmiðla fylgi skyldur og beri þeim að sýna orspori manna tilhlýðilega virðingu.

Dómstóllinn lagði áherslu á að markmið sjónvarpsþáttarins hefði verið að sýna fram á skort á samstarfi á milli lögreglu og skattyfirvalda í tveimur málum, en það málefni varðaði almenning og væri hluti af þjóðfélagsumræðu. Væri óumdeilt

10. gr. Tjáningarfrelsi

að staðhæfing í þættinum um að lögregla hefði óskað upplýsinga um hvort K.U. hefði komið að fjármögnun tiltekinna íþróttamiðstöðvar ætti við rök að styðjast. Þá var vísað til þess að ekki hefði verið sýnt fram á annað en að kærundur hefðu birt þessi ummæli í góðri trú, enda hefði verið skýrt rétt frá staðreyndum varðandi einstakling sem sætti talsverðri opinberri umræðu vegna saksóknar í málum sem varða efnahagsbrot.

Talið var að finnskir dómstólar hefðu ekki tekið nægilegt tillit til réttar almennings til upplýsinga um atriði sem tengjast finnsku efnahagslífi og lagt of ríka áherslu á æruvernd K.U. Hefði þannig ekki verið rökstutt hvers vegna mikilvægara væri að vernda æru viðkomandi einstaklings en rétt almennings til upplýsinga um mikilvægt þjóðfélagsefni. Ennfremur varð ekki séð að metið hefði verið sérstaklega hvort með dómi væri gengið of langt til að ná því lögmæta markmiði sem að var stefnt.

Samkvæmt þessu var talið að skerðing á tjáningarfrelsi kæranda hefði ekki verið nauðsynleg og að brotið hefði verið gegn 10. gr. sáttmálans.

Kærendum voru dæmdar annars vegar 1.910 evrur og hins vegar 2.330 evrur í skaðabætur, svo og 3.500 evrur sameiginlega í málskostnað.

Blája News Sp. z o.o. gegn Póllandi

Dómur frá 26. nóvember 2013

Mál nr. 59545/10

10. gr. Tjáningarfrelsi

Meiðyrðamál. Fjölmiðlar. Sönnun staðhæfinga um staðreyndir. Meðalhóf.

1. Málsatvik

Kærandi, Blája News Sp. z o.o., er hlutafélag með heimilisfesti í Póllandi, sem gefur út tímarit vikulega. Árið 2007 birtist í tímaritinu grein þar sem gefið var til kynna að ónefndur saksóknari hefði tengsl við glæpahringi, fíkniefnasmygl og ætti aðild að sakamáli. Jafnframt var gefið í skyn að saksóknarinn væri sjálf fíkniefnaneytandi. Tiltekinn saksóknari taldi að með augljósum hætti væri vísað til hennar í greininni og höfðaði hún skaðabótamál á hendur kæranda og ritstjóra blaðsins. Pólskir dómstólar komust að þeirri niðurtöðu að um meiðyrði væri að ræða og var kæranda gert að greiða viðkomandi saksóknara skaðabætur, meðal annars með vísan til þeirra skyldna sem hvíla á fjölmiðlum til að kanna sannleiksgildi upplýsinga um staðreyndir. Áfrýjanir kæranda vegna þessarar niðurstöðu báru ekki árangur.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi byggði á því að dómur um bótaábyrgð vegna birtingar umræddrar greinar fæli í sér brot gegn tjáningarfrelsi félagsins í skilningi 10. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn áréttaði mikilvægi tjáningarfrelsisins í lýðræðissamfélagi, einkum fjölmiðla í ljósi hlutverk þeirra við miðlun fréttu. Lögð var áhersla á að tjáningarfrelsi fjölmiðla væri þó ekki takmarkalaust, enda yrði til að mynda að virða æru og mannorð annarra. Þá nái verndin eingöngu til upplýsinga sem fjölmiðlar setji fram í góðri trú og til staðhæfinga sem séu sannar.

Dómstóllinn taldi ljóst að tjáningarfrelsi kæranda hefði verið skert og að sú skerðing væri í samræmi við lög og þjónaði lögmætu markmiði. Kom þá til skoðunar hvort skerðingin gæti talist nauðsynleg í lýðræðissamfélagi að teknu tillit til allra aðstæðna. Með hliðsjón af efni greinarinnar vísaði dómstóllinn til þess að virkni réttarkerfisins varðaði almenning og að saksóknarar væru sem opinberir starfsmenn hluti af réttarkerfinu. Jafnframt var lögð áhersla á að vernda þyrfti æru saksóknara gegn meiðyrðum sem væru til þess fallin að hafa áhrif á störf þeirra og trúverðugleika. Tekið var fram að þó að greinin fjallaði um efni sem varðaði almenning þyrftu staðhæfingar, sem settar voru fram, að eiga sér viðunandi stoð í raunveruleikanum. Hefðu pólskir dómstólar talið að ummæli í greininni um innflutning fíkniefna væru rétt, en að ekki hefði verið sýnt fram á sannleiksgildi staðhæfinga um að saksóknarinn hefði átt þátt í ólögmætri háttsemi.

Dómstóllinn lagði áherslu á að pólskir dómstólar hefðu fjallað um tjáningarfrelsi kæranda og að fram hefði farið mat á andstæðum hagsmunum kæranda annars vegar og hagsmunum saksóknarans hins vegar. Hefðu pólskir dómstólar lagt áherslu á að greinin varðaði þátttöku kæranda í fíkniefnainnflutningi og alvarleika slíkra ásakana. Þá hefði verið fjallað ítarlega um áhrif greinarinnar á störf og mannorð saksóknara, auk þess sem sönnunargögn sem vörðuðu meðal annars tilraunir blaðamanns til að hafa samband við kæranda áður en greinin var birt voru tekin til skoðunar. Að sama skapi var talið að kæranda hefði verið gefið tækifæri til að sýna fram á sannleiksgildi staðhæfinga í greininni. Með hliðsjón af þessu taldi dómstóllinn að innlendir dómstólar hefðu byggt ákvörðun sína á fullnægjandi og vídeigandi rökstuðningi. Þá var talið að skaðabætur sem kæranda var gert að greiða, sem og sú staðreynd að félaginu var gert að birta afsökunarbeiðni í tímariti sínu fyrir að hafa birt rangar og meiðandi upplýsingar, gengju ekki lengra en nauðsynlegt væri með hliðsjón af meðalhófsreglunni. Samkvæmt þessu var ekki talið að brotið hefði verið gegn 10. gr. sáttmálans.

Österreichische Vereinigung zur Erhaltung, Stärkung und Schaffung gegn Austurríki

Dómur frá 28. nóvember 2013

Mál nr. 39534/07

10. gr. Tjáningarfrelsi

Aðgangur að opinberum upplýsingum. Upplýsingaréttur.

1. Málsatvik

Kærandi, *Österreichische Vereinigung zur Erhaltung, Stärkung und Schaffung eines wirtschaftlich gesunden land- und forstwirtschaftlichen Grundbesitzes*, er austurrískt félag með heimilisfesti í Vín. Tilgangur þess er að rannsaka áhrif tilfærslu á eignarráðum skóg- og ræktarlands á samfélagið og veita álit á lagafrumvörpum á þessu sviði.

Árið 2005 óskaði kærandi þess í tvígang að eignatilfærslunefnd Týrol *héraðs* (Tyrol Real Property Transaction Commission) léti félaginu í té upplýsingar um ákvarðanir sem nefndin hefði tekið á tímabilinu 2000-2005 um eignatilfærslur skóg- og ræktarlands. Kærandi gaf til kynna að félagið myndi greiða fyrir kostnað sem hlýst af því að verða við beiðninni. Beiðninni var synjað í tvígang. Í seinni synjuninni tók nefndin fram að beiðnin ætti sér ekki stöð í gildandi lögum um aðgang að upplýsingum, auk þess sem tekið var fram að jafnvel þótt lögin ættu við væri ekki skylt að verða við beiðninni þar sem umfangið væri slíkt að það myndi hafa áhrif á starfsemi nefndarinnar. Kærandi áfrýjaði málinu bæði til stjórnlagadómstóls og stjórnáskýsludómstóls. Stjórnlagadómstóllinn tók málið til meðferðar og hafnaði kröfu kæranda.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi byggði á því að synjun nefndarinnar um aðgang að umræddum ákvörðunum bryti gegn 10. gr. sáttmálans.

Niðurstaðan

Dómstóllinn benti á að lög um eignatilfærslur, þar sem fjallað var um fyrrgreinda eignatilfærslunefnd, stefndu að því markmiði í almannabágu að vernda land til nýtingar fyrir landbúnað og skógrækt svo og að koma í veg fyrir of mikla fjölgun sumarhúsa. Talið var að markmið kæranda hefði verið að safna upplýsingum í almannabágu og að með synjun nefndarinnar hefði upplýsingaréttur félagsins samkvæmt 10. gr. sáttmálans verið skertur. Dómstóllinn féllst á að skerðingin hefði verið í samræmi við landsrétt og stefnt að því lögmæta markmiði að vernda réttindi annarra.

Við mat á því hvort skerðingin gæti talist nauðsynleg leit dómstóllinn til þeirra röksemda sem bjuggu synjuninni að baki. Einkum var byggt á því að það að verða við beiðninni hefði haft í för með sér notkun verulegs mannaúðs og verið svo kostnaðarsamt að það hefði stefnt vinnu nefndarinnar í hættu. Í þessu sambandi tók dómstóllinn fram að synjunin hefði verið án fyrirvara, þrátt fyrir að kærandi hefði boðist til þess að greiða fyrir allan kostnað sem leiddi af beiðninni. Dómstóllinn vísaði til þess að í ljósi hlutverks nefndarinnar sem stjórnvalds, sem tæki ákvarðanir um réttindi og skyldur einstaklinga, væri undarlegt að ákvarðanir hennar væru ekki að neinu leyti aðgengilegar almenningi, svo sem á netinu eða í rafrænum gagnagrunni. Þá benti dómstóllinn jafnframt á að kæranda hefði verið veittur aðgangur að

10. gr. Tjáningarfrelsi

ákvörðunum sambærilegra nefnda í öllum öðrum héruðum Austurríkis án sérstakra vandkvæða.

Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að röksemdir að baki synjun á beiðni kæranda gætu, eins og hér var ástatt, ekki réttlætt skerðingu á upplýsingarétti félagsins samkvæmt 10. gr. sáttmálans. Tekið var fram að það félli ekki í hlut dómstólsins að meta með hvaða hætti nefndin hefði átt að veita kæranda aðgang að ákvörðunum sínum. Hins vegar væri ljóst að algjör synjun gengi lengra en nauðsynlegt gæti talist með hliðsjón af því markmiði sem stefnt var að, enda hefði nefndin í reynd gert það ómögulegt fyrir kæranda að framkvæma rannsóknir vegna ákveðinna svæða og að hafa áhrif á löggjafarferli vegna eignatilfærslna í Týrol héraði. Samkvæmt þessu var talið að brotið hefði verið gegn 10. gr. sáttmálans.

Austurríki var gert að greiða kæranda 7.500 evrur í málskostnað.

Ungváry og Irodalom KFT gegn Ungverjalandi

Dómur frá 3. desember 2013

Mál nr. 64520/10

10. gr. Tjáningarfrelsi

Meiðyrðamál. Hlutverk blaðamanna. Gagnrýni á embættismenn og stofnanir.

1. Málsatvik

Kærandur eru annars vegar Ungváry, ungverskur sagnfræðingur, fæddur árið 1969, og hins vegar ungverska útgáfufélagið Irodalom. Þann 18. maí 2007 birti vikublaðið *Élet és Irodalom*, eitt af tímaritum útgáfufélagsins, grein eftir Ungváry þar sem fjallað var um tengsl nafngreinds dómara ungverska stjórnlagadómstólsins við kommúnistaflokk landsins og öryggislögreglu ríkisins á þeim tíma þegar landið var undir stjórn kommúnista. Í greininni kom fram að dómariinn hefði meðal annars gefið öryggislögreglunni skýrslur um ýmis mál og var honum lýst sem harðlínumanni sem hefði beitt sér sérstaklega gegn friðarhreyfingu stúdenta á níunda áratugnum. Blaðið birti athugasemdir dómarans vegna greinarinnar viku seinna, en þar mótmælti hann framangreindum ásökunum.

Dómariinn höfðaði mál gegn kærendum vegna ærumeiðinga og í kjölfar þess birtist í vikublaðinu grein þar sem ásakanirnar voru dregnar til baka. Ungváry stóð hins vegar við yfirlýsingar sínar og birti þær í bók sem hann gaf út á árinu 2008. Með dómi Hæstaréttar Ungverjlands voru kærandur dæmdir til að greiða dómaramum skaðabætur vegna ærumeiðinga.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólum

Kæran

Kærandur byggðu á því að framangreind niðurstaða ungverskra dómstóla hefði falið í sér brot gegn 10. gr. sáttmálans og skert tjáningarfrelsi þeirra.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að skerðing tjáningarfrelsis kæranda hefði átt stoð í settum lögum og stefnt að því lögmæta markmiði að vernda æru dómans sem greinin fjallaði um. Því næst tók dómstóllinn til skoðunar hvort skerðingin teldist nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi.

Hvað varðar Ungváry var talið að innlendir dómstólar hefðu hvorki tekið nægjanlegt tillit til þess hlutverks sem blaðamenn gegndu í þjóðfélaginu né til þess hvort ásakarnir teldust sannar. Óumdeilt var að umræddur dómari hefði gegnt skyldum innan kommúnistaflokksins og gefið stjórnvöldum skýrslur um friðarhreyfingu stúdenta. Talið var að innlendir dómstólar hefðu gert minna úr tengslum dómans við aðgerðir öryggislögreglunnar en tilefni var til. Þá tók dómstóllinn fram að umfjöllunarefni greinarinnar hefði verið sögulegs eðlis þar sem leitast var við að varpa ljósi á starfsemi öryggislögreglunnar í landinu og þætti opinberra starfsmanna í þeirri starfsemi. Vísað var til þess að mikil umræða væri enn innan Ungverjalands um þetta málefni og að það varðaði almenning. Þá hafi umrædd grein verið byggð á rannsóknum Ungváry, sem sé þekktur sagnfræðingur, og hafi nún byggst á gögnum sem fundust í skjalageymslum öryggislögreglunnar. Með hliðsjón af þessu hafi tvímælalaust verið um að ræða tjáningu sem eigi að njóta ríkrar verndar sem þáttur í stjórn mála- og þjóðfélagsumræðu.

Dómstóllinn lagði jafnframt áherslu á að greinin hefði ekki fjallað um einkalíf dómans heldur hlutverk hans sem opinbers starfsmanns og dómara við stjórnlagadómstól landsins. Hann yrði sem opinber persóna að þola gagnrýni vegna fyrri starfa sinna. Hefði greinin verið sett fram með fræðilegum hætti og dómari fengið tækifæri til að svara þeim ásökunum sem þar komu fram. Lögð var áhersla á að dómur um skaðabótaábyrgð Ungváry hafi haft neikvæð áhrif á trúverðuleika hans sem sagnfræðings og letjandi áhrif á stjórn mála- og þjóðfélagsumræðu. Samkvæmt þessu var talið að brotið hefði verið gegn 10. gr. sáttmálans í tilvikum Ungváry.

Dómstóllinn taldi að sömu rök ættu að meginstefnu við um útgáfufélagið. Lögð var áhersla á að andmæli dómans við ásökunum hefðu verið birt í tímaritinu og að lesendum hefði þannig verið gert kleift að mynda sér sjálfstæða skoðun á efninu. Vísað var til þess að dómur um skyldu blaðaútfefanda til greiðslu skaðabóta gæti haft letjandi áhrif á vilja ritstjórnar til að birta umdeildar greinar og væri mikilvægt að lagaákvæði til verndar æru manna hvettu ekki til ritskoðunar á efni blaða. Dómstóllinn taldi að blaðamenn útfefandans hefðu ekki getað sannreynt efni greinarinnar sjálfir, þar sem aðgangur að gögnum öryggislögreglunnar hafi verið takmarkaður. Þá hafi ekki verið ástæða fyrir útfefandann að draga sannleiksgildi greinarinnar í efa, enda stafaði hún frá þekktum sagnfræðingi sem hafði sérstaklega rannsakað slík málefni. Samkvæmt þessu var talið að útfefandinn hefði verið í góðri trú og að brotið hefði verið gegn 10. gr. sáttmálans með umræddum dómi.

Dómstóllinn dæmdi ungerska ríkið til að greiða Ungváry 7.000 evrur í skaðabætur og 1.800 evrur í málskostnað, en útgáfufélaginu 3.000 evrur í miskabætur og 1.800 evrur í málskostnað.

Þrjú dómamar skiluðu séráliti.

11. gr. Funda- og félagafrelsi

Vona gegn Ungverjalandi

Dómur frá 9. júlí 2013

Mál nr. 35943/10

11. gr. Funda- og félagafrelsi

Bann við félagastarfsemi. Meðalhóf.

1. Málsatvik

Kærandi, Gabor Vona, er ungverskur ríkisborgari, fæddur 1978 og býr í Búdapest. Hann var í forsvari fyrir ungversk samtök sem stofnuð voru í maí 2007 af tíu meðlimum þarlendis stjórnmálaflokks, en samtökin höfðu það markmið að standa vörð um ungverskar hefðir og menningu. Innan samtakanna var stofnuð undirhreyfing sem hafði það yfirlýsta markmið að verja Ungverjaland með öllum ráðum. Fljótlega eftir stofnun þessarar hreyfingar fór hún að starfa á hátt sem ekki var í samræmi við tilgang hennar, m.a. með því að kalla til liðs við sig fjölda sérstakra varðliða og standa fyrir útigöngum þar sem fólki af Roma uppruna var mótmælt. Stjórnvöld töldu að aðgerðir hreyfingarinnar væru ólöglegar og kröfðust þess að samtökin beittu sér fyrir því að aðgerðirnar yrðu stöðvaðar. Í nóvember 2007 tilkynnti kærandi stjórnvöldum að umræddar aðgerðir hefðu verið stöðvaðar og breytingar gerðar á starfsemi hreyfingarinnar. Þrátt fyrir þetta stóð hreyfingin í kjölfarið fyrir nokkrum fjöldagöngum og útifundum víðsvegar um Ungverjaland þar sem fólk var hvatt til þess að berjast gegn þeirri ógn sem stafaði af svokölluðum „sígaunaglæpum“.

Í desember 2007 hindraði lögregla að slík fjöldaganga færi í gegnum hverfi þar sem fólk af Roma uppruna var í meirihluta. Í kjölfarið höfðu stjórnvöld dómsmál þar sem þess var krafist að samtökin yrðu leyst upp. Ákveðið var með dómi ungversks undirréttar árið 2008 að leysa skyldi samtökin upp, en dómurinn náði ekki til undirhreyfingarinnar. Áfrýjunardómstóll staðfesti þessa niðurstöðu og taldi að jafnframt skyldi leysa upp undirhreyfinguna í ljósi náinna tengsla á milli hennar og samtakanna.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að ákvörðun um að leysa samtökin upp hefði falið í sér brot gegn féлага- og fundafrelsi hans samkvæmt 11. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að ákvörðun um að leysa upp hreyfinguna og samtökin, sem kærandi var í forsvari fyrir, hafi falið í sér skerðingu á félagafrelsi hans. Tekið var fram að ákvörðunin hefði verið tekin af ungverskum dómstólum í samræmi við þarlend lög og hefði það lögætta markmið að vernda öryggi almennings, koma í

11. gr. Funda- og félagafrelsi

veg fyrir óeirðir og að vernda réttindi annarra. Þó að um væri að ræða fjöldasamtök og undirhreyfingu þeirra en ekki eiginleg stjórnmalasamtök var bent á að þau gætu haft veruleg áhrif á stjórnmal og þjóðfélagsumræðu. Dómstóllinn tók fram að aðildarríki ættu rétt á að grípa til fyrirbyggjandi aðgerða gegn slíkum samtökum í því skyni að vernda lýðræði, ef viðkomandi samtök hefðu grípið til aðgerða til að framfylgja stefnu sem ekki samræmdist kröfum sáttmálans.

Dómstóllinn leit til eðlis þeirra fjöldagangna og mótmæla sem hreyfingin hafði staðið fyrir. Vísað var til þess að í þeim fjöldagöngum sem fram fóru hefði ekki verið gripið til ofbeldis, en jafnframt tekið fram að hugsanlega hefði viðbúnaður lögreglu haft áhrif. Lögð var áhersla á að þátttakendur í göngunum klæddust sérstökum einkennisbúningum og að göngurnar hefðu í raun yfirbragð hersýningar. Jafnframt var talið að búnaður og háttalag þátttakenda minnti á samtök ungverska nasista sem báru ábyrgð á útrýmingu fjölda fólks af Róma uppruna í Ungverjalandi.

Dómstóllinn taldi að þessar fjöldagöngur hefðu verið til þess fallnar að leiða til aðskilnaðar vegna kynþáttar og valda ótta hjá minnihlutahópum í andstöðu við grundvallargildi sáttmálans. Með hliðsjón af þessu var ekki talið að göngurnar og sú tjáning sem í þeim fólst nýtu verndar 11. gr. sáttmálans.

Tekið var fram að ekki væri hægt að banna starfsemi samtaka eingöngu á grundvelli þess að þau stæðu fyrir áróðri sem samræmdist ekki lýðræði. Í þessu tilviki yrði að líta til allra aðstæðna, einkum skipulagðra og samhæfðra aðgerða samtakanna. Að mati dómstólsins réttlættu aðstæður dóm um að samtökin og hreyfingin skyldu leyst upp. Talið að var að ákvörðunin hefði verið í þágu samfélagsins og var bent á að borgarar gætu túlkað aðgerðaleyfi stjórnvalda gegn samtökum af þessum toga sem stuðning við boðskap þeirra. Þá var talið að meðalhófs hefði verið gætt, en í því sambandi var sérstaklega bent á að meðlimir samtakanna hefðu ekki sætt sérstakri refsingu og gætu tekið þátt í stjórnmalum og þjóðfélagsumræðu með öðrum hætti. Samkvæmt þessu taldi dómstóllinn ekki að brotið hefði verið gegn 11. gr. sáttmálans.

Kudrevičius o.fl. gegn Litháen

Dómur frá 26. nóvember 2013

Mál nr. 37553/05

11. gr. Funda- og félagafrelsi

Mótmælaaðgerðir. Refsing. Meðalhóf.

1. Málsatvik

Kærendur eru fimm litháenskir ríkisborgarar og starfa allir sem bændur í mismunandi héruðum innan Litháen. Þeir mótmæltu verðlækkunum á afurðum sínum, einkum mjólk, með því að stöðva umferð á stofnæðum litháenskra vega með ýmsum landbúnaðartækjum á tímabilinu 21. til 23. maí 2003. Mótmælin leiddu til alvarlegs umferðaröngþveitis á þremum stofnvegum. Mótmælunum lyktaði með samkomulagi á milli mótmælenda og ríkisins þann 23. maí 2003.

Hins vegar voru kærendur ákærðir vegna mótmælanna og dæmdir til 60 daga

11. gr. Funda- og félagafrelsi

fangelsisvistar sem var háð skilorði í eitt ár, en á skilorðstíma máttu kærendur ekki fara frá heimili sínu í meira en sjö daga án leyfis stjórnvalda.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur héldu því fram að sakfelling þeirra vegna mótmælanna hefði brotið gegn 11. gr. sáttmálans sem verndar rétt manna til að koma saman og mótmæla á friðsamlegan hátt.

Niðurstaða

Dómstóllinn áréttaði að skerðing á fundafrelsi standist eingöngu 11. gr. sáttmálans eigi hún sér stoð í lögum, stefni að lögmætu markmiði og teljist nauðsynleg í lýðræðissamfélagi. Tekið var fram að refsing kæranda hefði verið í samræmi við landsrétt og stefnt að lögmætu markmiði, en að höfuðmáli skipti hvort refsingin gæti talist nauðsynleg með hliðsjón af því markmiði sem stefnt var að.

Dómstóllinn tók fram að mótmælin hefðu valdið verulegri truflun fyrir umferð. Hins vegar yrðu aðildarríki að sýna talsvert umburðarlyndi gagnvart truflunum vegna mótmæla í því skyni að virða fundafrelsið. Vísað var til þess að kærendur hefðu aflað leyfa til friðsamlegra mótmæla, að ofbeldi hefði ekki verið beitt og að samningaviðræður hefðu staðið yfir á milli kæranda og ríkisins á þessum tíma. Þá hefðu kærendur sýnt sanngirni með því að heimila umferð hópferðabíla og flutningabíla með hættulegan varning framhjá vegartálmum. Lögð var áhersla á að kærendur hefðu verið dæmdir til skilorðsbundinnar fangelsisvistar sem fól þó í sér að þeir gátu ekki farið frá dvalarstað sínum í meira en sjö daga án samþykkis stjórnvalda. Dómstóllinn benti á að samkvæmt þessu byggju kærendur við skert ferðafrelsi í heilt ár.

Með hliðsjón af þessu taldi dómstóllinn að sakfelling og refsing kæranda gæti ekki talist nauðsynleg og að brotið hefði verið gegn 11. gr. sáttmálans

Litháenska ríkinu var gert að greiða kærendum, hverjum fyrir sig, 2000 evrur í miskabætur. Þrír dómarar skiluðu séráliti.

14. gr. Bann við mismunun

Vallianatos o.fl. gegn Grikklandi

Dómur frá 7. nóvember 2013 - Yfirdeild

Mál nr. 29381/09 og 32684/09

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

14. gr. Bann við mismunun

Staða samkynhneigðra. Réttur til að skrá sambúð.

1. Málsatvik

Kærendur voru átta samkynhneigðir einstaklingar, sem áttu í sambandi eða voru í sambúð, og grísk félagasamtök sem veitir samkynhneigðum stuðning.

Þann 26. nóvember 2008 tóku gildi lög í Grikklandi sem báru heitið „Endurbætur sem varða fjölskyldu, börn og samfélagið“. Í lögnum var gert ráð fyrir viðurkenningu á ákveðnu formi samvistar, svokallaðri borgaralegri samvist, sem gerði ógiftum einstaklingum kleift að skrá samband sitt opinberlega. Samkvæmt lögnum gátu aðeins einstaklingar af gagnstæðu kyni nýtt sér hið nýja samvistarform og stóð það því samkynhneigðum ekki til boða.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur byggðu á því að með löggjöfinni hefði gríska ríkið mismunað þeim á grundvelli kynhneigðar og bryti það í bága við rétt þeirra til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu án mismununar, sbr. 8. og 14. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn vísaði kæru félagasamtakanna frá þar sem ekki var talið að samtökin hefðu stöðu þolanda í skilningi sáttmálans.

Dómstóllinn lagði áherslu á að samkynhneigð pör væru jafnhæf og gagnkynhneigð pör til að eiga í stöðugum langtímasamböndum. Var því talið að kærendur væru í sambærilegri stöðu og gankynhneigð pör að því er varðar þörf þeirra á að geta skráð sambönd sín með opinberum hætti með tilheyrandi réttaráhrifum. Tekið var fram að aðildarríkin gætu veitt fjölskyldulífi vernd með ýmsum mismunandi ráðstöfunum og að taka yrið tillit til þess að unnt væri að lifa fjölskyldu- og einkalífi með margvíslegum hætti. Vísað var til þess að það félli í hlut gríska ríkisins að sýna fram á nauðsyn þeirrar mismununar sem fólst í því að samkynhneigð pör gætu ekki stofnað til borgaralegrar samvistar með sama hætti og gagnkynhneigð pör. Fyrir lá að með lögum um borgaralega samvist var stefnt að því að viðurkenna réttarstöðu para, sem kusu að búa saman án þess að ganga í hjónaband og að því að auka réttarvernd barna sem fædd eru utan hjónabands.

Dómstóllinn taldi ekki sýnt fram á að nauðsynlegt væri að útiloka samkynhneigða frá borgaralegri samvist til að ná umræddum markmiðum. Tekið var fram

14. gr. Bann við mismunun

að hugsanlegt hefði verið að lögfesta sérstök ákvæði um stöðu barna sem fædd væru utan hjónabands samhliða því sem almennur möguleiki á borgaralegri samvist næði til samkynhneigðra para með sama hætti og gagnkynhneigðra para. Þá var vísað til þess að samkvæmt grískum lögum hefðu gagnkynhneigð pör, fyrir umrædda lagabreytingu, getað skráð samvist sína hvort sem er á grundvelli hjónabands eða g grundvelli ákvæða um óvígða sambúð. Þetta var talið sýna enn frekar ríka hagsmuni samkynhneigðra af því að geta stofnað til borgaralegrar samvistar, enda væri það eina leiðin til að tryggja lagalega viðurkenningu á samböndum þeirra.

Tekið var fram að ekki væri full samstaða meðal aðildarríkjanna á þessu sviði, en að þróunin væri í þá átt að veita samböndum samkynhneigðra lagalega viðurkenningu. Í því sambandi var tekið fram að af þeim nítján ríkjum sem viðurkenni eitthvað form af skráðri samvist annarri en hjónabandi sé slíkt eingöngu bundið við gagnkynhneigð pör í Liháen og Grikklandi. Væri staðan því sú að öll aðildarríki Evrópuráðsins sem hefðu ákvæði um staðfesta samvist í lögum sínum létu slík ákvæði ná til samkynhneigðra með sama hætti og gagnkynhneigðra, að undanskildum þessum tveimur ríkjum.

Samkvæmt framangreindu komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að gríska ríkið hefði ekki sýnt fram á nauðsyn þess að útiloka samkynhneigð pör frá borgaralegri samvist líkt og gert var í fyrgreindum lögum. Var því talið að um brot á 14. og 8. gr. sáttmálans væri að ræða.

Hverjum kæranda voru dæmdar 5000 evrur í miskabætur, auk nánar tilgreinds málskostnaðar.

Fimm dómáramur skilufðu séráliti.

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

Rousk gegn Svíþjóð

Dómur frá 25. júlí 2013

Mál nr. 27183/04

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

Skattskuldir. Útburður. Friðhelgi heimilis. Meðalhóf.

1. Málsatvik

Kærandi, Jim Rousk, er sænskur ríkisborgari fæddur árið 1950. Hann lést í júní 2011 og hélt eiginkona hans, Julia Rousk, málinu áfram fyrir hans hönd. Kærandi var eigandi fyrirtækis í Svíþjóð. Hann hafði ekki skilað inn skattskýrslum vegna fyrirtækisins, eins og lögboðið var, og var lagður á hann skattur samkvæmt áætlun skattfyrivalda. Í kjölfar þessa fór fram nauðungarsala á heimili kæranda og hann borinn út úr heimili sínu ásamt eiginkonu sinni. Þetta var gert, enda þótt kærandi hefði óskað eftir því að aðgerðum yrði frestað og fyrir lægi að honum hefði verið veittur greiðslufrestur vegna stærsta hluta skuldarinnar á þeim degi sem eignin var seld á nauðungarsölu. Eftir að greiðslufrestur hafði verið veittur nam gjaldkræf skuld hans um 800 evrum.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að þessar aðgerðir skattfyrivalda hefði brotið gegn eignarrétti hans samkvæmt 1. gr. 1. viðauka sáttmálans, svo og gegn friðhelgi einkalífs og fjölskyldu samkvæmt 8. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Um 1. gr. 1. viðauka: Dómstóllinn tók fram að líta yrði svo á að þær aðgerðir sem kærandi sætti fælu í sér eignarsviptingu í skilningi 2. mgr. 1. gr 1. viðauka, enda væri um að ræða sölu á fasteign hans til fullnustu skattskuldar samkvæmt lögum aðildarríkisins. Dómstóllinn lagði áherslu á að gæta yrði meðalhófs við eignarsviptingu sem ætti sér stöð í lögum og að meta yrði hvort hagsmunir samfélagsins réttlættu skerðingu á eignarrétti einstaklings í hverju tilviki fyrir sig. Þannig samræmdest það ekki 1. gr. 1. viðauka að leggja óhóflegar og ósanngjarnar byrðar á einstakling.

Dómstóllinn tók fram að kærandi hefði í fyrstu ekki gert athugasemdir við áætlun skattfyrivalda um álagningu skatts og hefði ekki óskað eftir greiðslufresti fyrr en sett var fram krafa um nauðungarsölu á heimili hans. Hins vegar hefði kærandi óskað eftir greiðslufresti áður en uppboð vegna nauðungarsölnnar fór fram og greitt mestan hluta skuldarinnar áður en honum var gert að rýma húsið. Með hliðsjón af lágri fjárhæð eftirstöðva skuldarinnar taldi dómstóllinn að unnt

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

hefði verið að grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir útburð kæranda og fjölskyldu hans. Því komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að ekki hefði verið gætt meðalhófs við aðgerðir stjórnvalda og að brotið hefði verið gegn 1. gr. 1. viðauka sáttmálans.

Um 8. gr: Dómstóllinn tók fram að nauðungarsala á heimili kæranda og útburður fjölskyldunnar hefði falið í sér skerðingu á þeim réttindum sem 8. gr. sáttmálans verndar. Talið var að skerðingin ætti sér stoð í settum lögum og stefndi að því lögumæta markmiði að tryggja greiðslu skatta. Dómstóllinn lagði áherslu á að til að skerðing að þessu tagi teldist nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi yrði að gæta meðalhófs við framkvæmd hennar, en að eftirláta yrði aðildarríkjunum rúmt svigrúm í þeim efnum. Eins og hér var ástatt taldi dómstóllinn að um verulega röskun á högum kæranda og fjölskyldu hans væri að ræða. Talið var að hagsmunir kæranda hefðu í þessu tilviki ríkara vægi, en hagsmunir ríkisins af því að ná fram greiðslu skattaskuldar sem var óveruleg að fjárhæð. Því taldi dómstóllinn að brotið hefði verið gegn 8. gr. sáttmálans.

Sænska ríkið var dæmt til að greiða kæranda 65.000 evrur í skaðabætur, 15.000 evrur í miskabætur og 8.300 evrur í málskostnað.

3. gr. 1. viðauka. Réttur til frjálsra kosninga

Söyler gegn Tyrklandi

Dómur frá 17. september 2013

Mál nr. 29411/07

3. gr. 1. viðauka. Réttur til frjálsra kosninga

Svipting kosningaréttar. Eðli afbrota sem leiða til sviptingar.

1. Málsatvik

Kærandi, Ahmet Atahür Söyler, er tyrkneskur ríkisborgari, fæddur 1966 og búsettur í Izmir í Tyrklandi. Hann var dæmdur til tæplega fimm ára fangavistar fyrir útgáfu innistæðulausra tékka, en atvinnurekstur hans hafði verið á barmi gjaldþrots. Hóf hann afplánun dómsins í apríl 2007 og átti vistun hans að standa til apríl 2012.

Samkvæmt tyrkneskum rétti eru þeir sem dæmdir hafa verið til fangelsisvistar fyrir brot af ásetningi sviptir kosningarétti uns refsingu er að fullu lokið og hefur ekki þýðingu þó viðkomandi hafi verið veitt reynslulausn. Gat kærandi því ekki kosið í þingkosningum í júlí 2007. Hann fékk heldur ekki að kjósa í þingkosningunum árið 2011, enda þótt hann hefði fengið reynslulausn í apríl 2009.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að sú staðreynd að hann fékk ekki að kjósa í þingkosningunum árin 2007 og 2011 fæli í sér brot gegn 3. gr. 1. viðauka við sáttmálann. Hann lagði áherslu á að með hliðsjón af eðli brots hans gæti hann ekki talist óhæfur til að gegna borgaralegum skyldum sínum.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að í Tyrklandi leiddi missir kosningaréttar sjálfkrafa af settum lögum og ætti alltaf við þegar einstaklingur væri dæmdur fyrir ásetningsbrot. Væri slíkur missir hvorki háður mati né eftirliti dómstóla, heldur væri honum beitt fortakslaut, án tillits til eðlis og alvarleika brots, lengdar refsingar eða einstaklingsbundinna aðstæðna dómþola. Sérstaklega var vísað til þess að takmarkanir á kosningarétti dómþola í Tyrklandi gengu lengra en þær takmarkanir sem hefðu verið til skoðunar í fyrri málum gegn Bretlandi, Austurríki og Ítalíu.

Dómstóllinn lagði áherslu á að kærandi hefði verið sviptur kosningarétti vegna tiltölulega lítilfjörlegs brots, sem ekki lægi lengur fangelsisvist við samkvæmt tyrkneskum lögum. Þá hefði svipting kosningaréttar kæranda haldist eftir að hann fékk reynslulausn. Dómstóllinn taldi með hliðsjón af aðstæðum að ekki væri eðlilegt samræmi á milli þeirrar refsingar sem felst í missi kosningaréttar og þess brots sem kærandi hafði verið sakfelldur fyrir. Þannig lagði dómstóllinn áherslu á að missir kosningaréttar væri alvarlegt úrræði sem eingöngu væri heimilt að grípa til að teknu

3. gr. 1. viðauka. Réttur til frjálsra kosninga

tilliti til meðalhófsreglunnar, en reglan krefðist þess að fullnægjandi tengsl væru á milli háttsemi og aðstæðna viðkomandi einstaklings og sviptingar kosningaréttar.

Samkvæmt þessu taldi dómstóllinn að tyrknesk löggjöf um missi kosningaréttar tæki ekki nægilegt tillit til einstaklingsbundinna aðstæðna, en taka bæri tillit til þátta á borð við alvarleika brots og háttsemi hins brotlega. Var talið að sjálfkrafa missir kosningaréttar samkvæmt tyrkneskum lögum félli utan þess svigrúms sem ríkinu væri eftirlátið samkvæmt 3. gr. 1. viðauka og að brotið hefði verið gegn ákvæðinu.

Tyrkneska ríkinu var gert að greiða kæranda 3000 evrur í málskostnað.